



Þingskjal nr. 1

Lög Körfuknattleikssambands Íslands

Heiti og tilgangur:

1. grein

Körfuknattleikssamband Íslands (KKÍ) er æðsti aðili um öll körfuknattleiksmál innan vébanda Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ). Aðsetur sambandsins skal vera í Reykjavík.

2. grein

Körfuknattleikssamband Íslands er samband körfuknattleiksráða, héraðssambanda og íþróttabandalaga og eiga öll þau félög innan ÍSÍ er iðka og keppa í körfuknattleik rétt á aðild að KKÍ.

3. grein

Starf KKÍ er í meginatriðum:

- a) Að hafa yfirstjórn allra íslenskra körfuknattleiksmála.
- b) Að vinna að eflingu körfuknattleiks á Íslandi.
- c) Að vera fulltrúi Íslands í Alþjóðakörfuknattleikssambandinu (FIBA) og Körfuknattleikssambandi Evrópu (FIBA Europe).

Skipulag:

4. grein

Málefnum KKÍ stjórna:

- a) Körfuknattleiksþingið.
- b) Stjórn KKÍ.
- c) Formannafundur.

5. grein

Körfuknattleiksþingið fer með æðsta vald á málefnum KKÍ. Þingið sitja fulltrúar frá þeim aðilum sem mynda KKÍ. Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra körfuknattleiksiðkenda hjá hverju aðildarfélagi KKÍ og skal miðað við iðkendatölur ÍSÍ árið á undan þannig að fyrir allt að 100 iðkendum koma 2 fulltrúar og síðan 1 fyrir hverja 50 iðkendum komi 1 fulltrúi eða síðan 1 fyrir hverja 50 eða brot úr 50 fram yfir það.

Héraðssambönd og Íþróttabandalög sem hafa körfuknattleik iðkaðan innan sinna vébanda skulu eiga rétt á 1 fulltrúa á körfuknattleiksþing.

Þingið skal halda á tímabilinu mars-maí annað hvert ár. Stjórn KKÍ skal boða bréflaga til þingsins með minnst sex (6) vikna fyrirvara. Málefni, sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn KKÍ minnst þrem (3) vikum fyrir þing. Þá skal stjórn KKÍ kynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt ársskýrslu stjórnar í síðasta lagi einni viku fyrir þing.

Körfuknattleiksþingið er lögmeitt, ef löglega hefur verið til þess boðað.

Vísað til Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt



Heimilt er að körfuknattleiksþing sé pappírslaut þing sé hægt að koma því við.

Þingboð og annað sem senda þarf sambandsaðilum vegna Körfuknattleiksþings má senda með rafrænum pósti.

Stjórn KKÍ skal skipa kjörnefnd eigi síðar en þremur (3) vikum fyrir körfuknattleiksþing og skal nefndin leggja fram tillögur til körfuknattleiksþing um nýja stjórnarmenn eins og lög gera ráð fyrir.

6. grein

Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf og hafa fulltrúar atkvæðisrétt samkvæmt kjörbréfum er þingið hefur samþykkt þau. Kjörbréf skulu send til aðildarféлага þremur (3) vikum fyrir þing og skuliú aðildarfélög skila inn kjörbréfum útfylltum til skrifstofu KKÍ viku fyrir þing.

Félögum er heimilt að skila kjörbréfum með rafrænum pósti.

Auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- a) Stjórn og varastjórn KKÍ
- b) Endurskoðendur KKÍ
- c) Framkvæmdastjórn ÍSÍ
- d) Framkvæmdastjórnar KKÍ og ÍSÍ
- e) Allir nefndarmenn fastanefnda KKÍ
- f) Dómarar dómstóla áfrýjunardómstóls KKÍ
- g) Fulltrúi ráðherra íþróttamála
- h) Einn fulltrúi Körfuknattleiksdómarafélags Íslands
- i) Einn fulltrúi Körfuknattleiksþjálfarafélags Íslands

Auk þess getur stjórn KKÍ boðið aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.

Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði, en auk þess getur hann farið með eitt annað atkvæði samkvæmt skriflegu umboði.

7. grein

Aukaþing má halda ef nauðsyn krefur, ef 2/3 hlutar formannafundar sem mæta til löglega boðaðs formannafundar eða helmingur sambandsaðila óskar þess.

Alla boðunar- og tilkynningafresti til aukapings má hafa helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa, sem er látinn, veikur eða fluttur úr héraðinu, eða er forfallaður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera laga- eða leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef helmingur kjörinnar stjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin að eigin dómi orðin óstarfhæf. Á aukapingi boðuðu af formannafundi er heimilt að gera reglugerðabreytingar sem þegar hafa verið lagðar fram til umræðu á formannafundi.

Að öðru leyti gilda um aukaping sömu reglur og um reglulegt körfuknattleiksþing.

Vísað til Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt



8. grein

1. Þingsetning.
2. Kosning starfsmanna:
 - a) Kosning kjörbréfanefndar.
 - b) Kosning fyrsta og annars þingforseta.
 - c) Kosning fyrsta og annars þingritara.
3. Kosning fastra nefnda:
 - a) Fjárhagsnefnd
 - b) Laga- og leikreglnanefnd.
 - c) Allsherjarnefnd.Nefndir þessar eru skipaðar þremur mönnum hver og kjósa þær sér formann.
4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu.
5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlunir fyrir næsta ár.
7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær, sem borist hafa til stjórnarinnar.
8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnarinnar.

- ÞINGHLÉ -

9. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
10. Önnur mál.
11. Kosning formanns.
12. Kosning sex meðstjórnenda og þriggja manna varastjórn.
13. Kosning sex manna í aga og úrskurðarnefnd KKÍ.
14. Kosning þriggja manna í Áfrýjunardómstól KKÍ og þriggja til vara.
15. Kosning tveggja endurskoðenda.
16. Kosning fulltrúa á Íþróttþing.
17. Þingforseta og þingritara falið að ganga frá þinggerð.
18. Þingslit.

Allir aðilar eru kosnir til tveggja ára.

Fái þeir sem um er kosið, jafnmörg atkvæði, skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum, nema um lagabreytingar sé að ræða þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Þingið getur með 2/3 hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa leyft að taka fyrir mál, sem komið er fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum.

Ársskýrslu KKÍ, sem stjórnin skal leggja fyrir þingið og ágríp af fundargerðum þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum KKÍ innan tveggja mánaða frá þingslitum.

9. grein

Stjórn KKÍ fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga. Stjórn KKÍ skipa sjö menn - F, formaður og sex meðstjórnendur skal kosinn til tveggja ára í senn. Á hverju þingi skal kjósa sex stjórnarmenn til tveggja ára. Kjósa skal þrjá varamenn til tveggja ára í senn og taka þeir sæti í stjórninni í þeirri röð sem þeir eru kjörnir. Til að ná kjöri sem formaður þarf meirihluta greiddra atkvæða. Náist ekki meirihluti við fyrstu kosningu skal kjósa á ný um þá tvo menn sem flest atkvæði hlutu. Ræður þá einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum.

Vísað til Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt



Við kjör annarra stjórnarmanna og varamanna gildir sú regla að þeir sem flest atkvæði fá eru rétt kjörnir. Stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti en ákveðið er í þessum lögum. Formaður KKÍ boðar stjórnarfund og stjórnar þeim.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn KKÍ eða varastjórn skulu tilkynna það til stjórnar kjörnefndar KKÍ ekki síðar en 10 dögum fyrir árs Korfuknattleiksping. Berist ekki framboð fyrir þann tíma skal stjórn KKÍ kjörnefnd hlutast til um tilnefningu aðila til stjórnarkjörs á ársþingi.

Stjórn KKÍ er heimilt að ráða launað starfsfólk, m.a. framkvæmdastjóra og skal stjórnin setja honum erindisbréf.

Reikningsár KKÍ skal vera almannaksárið.

10. grein

Stjórn KKÍ skal strax að loknu korfuknattleikspingi skipa eftirtaldar nefndir:

Mótanefnd
Dómaranefnd
Afreksnefnd
Fjárhagsnefnd
Fræðslunefnd
Siðanefnd

Hver nefnd skal skipuð minnst þremur mönnum, nema annað sé ákveðið í reglugerð.

Stjórn KKÍ skal setja öllum nefndum skipunarbréf. Í upphafi starfsárs skulu nefndir gera starfsáætlun og skal hún lögð fyrir stjórn KKÍ til staðfestingar. Nefndir KKÍ hafa ekki sjálfstæðan fjárhag, nema stjórn KKÍ ákveði annað í skipunarbréfi. Stjórn KKÍ skal boða formenn nefnda og fulltrúa dómara eða þjálfara á stjórnarfund þegar þurfa þykir eða þeir óska þess.

11. grein

Öll aðildarfélög KKÍ eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa á formannafund KKÍ. Þar eiga einnig sæti stjórnarmenn KKÍ. Formannafundur skal boðaður minnst tvisvar á meðan á Íslandsmóti stendur og skal einn fundur haldinn áður en mótið hefst einu sinni á keppnistímabili. Formaður KKÍ boðar nefndina til fundar og stjórnar fundum hennar. Formannafundur er vettvangur umræðu um korfuknattleiksmál. Hann er stjórn KKÍ einnig ráðgefandi um lausn ýmissa mála, sem koma upp milli korfuknattleikspinga. Stjórn KKÍ verður að leggja endurskoðaða ársreikninga og fjárhagsáætlun KKÍ fyrir formannafund það ár sem korfuknattleiksping er ekki haldið. Þegar ný gjaldskrá er gefin út vegna kostnaðar við dómara skal bera gjaldskrána upp á formannafundi til samþykktar. Fari svo að stjórnarmaður/menn segi sig úr stjórn KKÍ skulu varamaður/menn taka sæti stjórnarmanna í þeirri röð sem þeir eru kjörnir. Kosid skal kosið um nýja varamenn á næsta formannafundi á eftir. Til að ná kjöri þarf einfaldan meirihluta.

Vísad til Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt



12. grein

Starfssvið stjórnar KKÍ er m.a.:

1. Að framkvæma ályktanir körfuknattleiksþingsins.
2. Að vinna að stofnun nýrra sérráða í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd.
3. Að vinna að eflingu körfuknattleiks í landinu.
4. Að hafa eftirlit með, að leikreglur og reglugerðir fyrir körfuknattleik séu jafnan í nauðsynlegu samræmi við alþjóðareglur.
5. Að taka ákvarðanir um veitingu heiðursmerkja og viðurkenninga.
6. Að senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur.
7. Að líta eftir því, að lög og reglur KKÍ séu haldnar.
8. Að hafa yfirumsjón með körfuknattleiksmótum.
9. Að samþykkja alþjóðamót, sem haldin eru á Íslandi.
10. Að samþykkja þátttöku íslenskra körfuknattleiksliða í alþjóðamótum erlendis.
11. Að koma fram innanlands og erlendis f.h. körfuknattleikshreyfingarinnar í landinu.
12. Að skera úr ágreiningi eða taka ákvarðanir um málefni sem lög þessi eða/og reglugerðir KKÍ ná ekki yfir
13. Að ákveða þáttökugjöld fyrir hvert tímabil.
14. Stjórn KKÍ er heimilt að banna körfuknattleiksviðburði sem fara fram á sama tíma og stórleikir á vegum sambandsins.

Stjórn og/eða framkvæmdastjóri KKÍ líta eftir því að lög og reglugerðir KKÍ og leikreglur séu haldin og geta vísað brotum aðila til aga og úrskurðarnefndar KKÍ eftir atvikum til úrskurðar. Í sérstökum tilfellum þegar lög þessi eða reglugerðir KKÍ eru ekki fullnægjandi geta þau tekið til skoðunar sjálfstætt brot aðila og beitt þeim viðurlögum er getur í lögum þessum.

Stjórn og starfsmenn KKÍ hefur frjálstan aðgang að öllum körfuknattleiksmótum og sýningum, sem fram fara innan vébanda KKÍ.

13. grein

Stjórn KKÍ setur nauðsynlegar reglugerðir um þau málefni, sem snúa að allri framkvæmd laga þessara. Nær það til allra breytinga á gildandi reglugerðum sem og setningu nýrra reglugerða.

Nýjar reglugerðir og breytingar á gildandi reglugerðum skulu kynntar aðildarfélögum með ~~dreifibréfi~~ rafrænum pósti og taka þær gildi til bráðabirgða samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar KKÍ þar til körfuknattleiksþing eða formannafundur hefur samþykkt reglugerðina þá þegar. Ekki þarf að birta þær með sérstökum hætti svo þær öðlist gildi heldur er nægjanlegt að þær séu kynntar með ~~dreifibréfi~~ rafrænum pósti.

Óski aðildarfélög eftir setningu nýrra reglugerða eða breytinga á gildandi reglugerðum skal slíkum óskum beint til stjórnar KKÍ.

14. grein

Dómstig KKÍ eru:

- a) Aga og úrskurðarnefnd KKÍ
- b) Afrýjunardómstóll KKÍ

Vísað til Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt



15. grein

Aga- og úrskurðarnefnd KKÍ skal skipuð formanni og tveimur varaformönnum, sem skulu allir löglærðir, og auk þeirra þremur mönnum. Skulu þeir kosnir á körfuknattleiksþingi til tveggja ára í senn.

Nefndin starfar skv. aga- og úrskurðarreglum KKÍ og skulu a. m. k. þrír taka þátt í ákvörðun nefndarinnar og skal a. m. k. einn þeirra vera formaður eða varaformaður.

Nefndin getur tekið ákvörðun um viðurlög skv. lögum þessum, reglugerðum KKÍ og aga- og úrskurðarreglum KKÍ gegn aðildarfélögum, forráðamönnum, leikmönnum, þjálfurum, starfsmönnum og öðrum þeim, sem eru innan vébanda aðildarfélaga KKÍ.

16. grein

Áfrýjunardómstóll KKÍ starfar skv. lögum þessum og reglugerð KKÍ um áfrýjunardómstól.

17. grein

Áfrýjunardómstóll KKÍ skal skipaður 3 löglærðum dómurum og 3 löglærðum til vara.

Dómarar skulu kosnir á reglulegu körfuknattleiksþingi til setu fram að næsta reglulega körfuknattleiksþingi og kýs dómstóllinn sér forseta.

Dómstóllinn starfar skv. lögum þessum og reglugerð KKÍ um áfrýjunardómstól KKÍ og skulu a. m. k. þrír fara með mál og skipar forseti í dóminn í hverju máli fyrir sig.

18. grein

Dómstóllinn tekur fyrir áfrýjanir vegna úrskurða aga- og úrskurðarnefndar sem ekki eru endanlegir samkvæmt reglugerð KKÍ um aga- og úrskurðarnefnd.

Ákvarðanir dómstólsins eru endanlegar og bindandi fyrir málsaðila. Þó er heimilt að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSÍ þeim málum, sem hafa almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild.

19. grein

Aga- og úrskurðarnefnd KKÍ og áfrýjunardómstóll KKÍ hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda Körfuknattleikssambands Íslands, sem varða lög og reglugerðir KKÍ eftir því sem við á.

Aga- og úrskurðarnefnd KKÍ og áfrýjunardómstóll KKÍ skulu lúta lögum þessum og reglugerðum og skulu öll ágreiningsmál gagnvart aðildarfélögum KKÍ, forráðamönnum félaganna, leikmönnum, þjálfurum, liðsstjórum og öðrum þeim sem eru innan vébanda aðildarfélaga KKÍ rekin fyrir aga- og úrskurðarnefnd KKÍ og áfrýjunardómstól KKÍ nema það sé sérstaklega heimilað í lögum eða reglugerðum KKÍ að reka málið fyrir nefndum innan KKÍ en aldrei skal heimilt að reka ágreiningsmál fyrir almennum dómstólum

Ágreiningsmál aðila innan vébanda KKÍ gagnvart aðila innan vébanda erlends körfuknattleikssambands skal fara með samkvæmt reglum FIBA World eða FIBA Europe og hefur FIBA World eða FIBA Europe lögsögu í slíkum málum. Ákvarðanir

Vísað til Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt



FIBA World eða FIBA Europe í slíkum málum eru endanlegar og bindandi fyrir alla aðila en ákvörðunum FIBA World eða FIBA Europe er hægt að skjóta til Íþróttadómstólsins (Court of Arbitration for Sport, skammstafað CAS) í Lausanne í Sviss sem leysir þá endanlega úr ágreiningsmálinu í samræmi við reglur um gerðardómsmeðferð mála á íþróttasviði (Code of Sports-related Arbitration). Er sú niðurstaða endanleg og bindandi fyrir aðila.

20. grein

Aðildarfélög KKÍ skulu tilkynna skrifstofu KKÍ tímasetningu aðalfundar sé hann haldinn með minnst viku fyrirvara. Einnig skulu ársskýrsla og fundargerð aðalfundar send skrifstofu KKÍ.

Þegar mynduð er ný stjórn skal senda þær breytingar til KKÍ í síðasta lagi tveim vikum eftir að stjórn er mynduð.

21. grein

Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur samþykkt þau.

22. grein

Tillögur um að leggja KKÍ niður má aðeins taka fyrir á lögsmætu körfuknattleiksþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu þarf minnst 3/4 hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt, skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan síðan látin ganga til reglulegs þings. Með fulltrúakjöri sínu til þess þings taka aðilar afstöðu til tillögunnar. Verði tillagan samþykkt öðru sinni, er það fullgild ákvörðun um að leggja KKÍ niður. Ákveður það þing síðan hvernig skuli ráðstafa eignum KKÍ, en þeim má aðeins verja til eflingar körfuknattleiksíþróttinni í landinu.

Stjórn KKÍ



Þingskjal nr. 2

Reglugerð um körfuknattleiksmót

50. grein FYRIRTÆKJABIKAR KARLA

Fyrirtækjabikarinn er riðlakeppni sem leikinn er í fjórum riðlum. Þátt taka þau 12 lið sem skipa úrvalsdeildina ásamt þeim liðum sem féllu úr úrvalsdeildinni tímabilið á undan. Liðið sem tapaði lokaúrslitum 1. deildar skipar 15. sætið. Það lið sem tapaði í undanúrslitum 1. deildar og var ofar í lokastöðu 1. deildar skipar 16 sætið.

Ákveði lið sem rétt á til þátttöku í Fyrirtækjabikarnum að taka ekki sæti sitt í keppninni skal mótanefnd bjóða því liði sem næst er í röðinni að taka sæti í keppninni. Skal það lið fara í neðsta styrkleikaflokk. Önnur lið færast til um styrkleikaflokk þannig að ef lið í 4. sæti tekur ekki þátt fer lið í 5. sæti í 1. styrkleikaflokk og svo framvegis.

Liðunum 16 er skipt í fjóra styrkleikaflokka. Dregið skal í 4 fjögurra liða riðla þannig að eitt lið úr hverjum styrkleikaflokki skal leika í hverjum riðli. Leikið skal heima og að heiman. Keppnin lýkur með úrslitakeppni þar sem sigurvegarar hvers riðils leika.

Styrkleikaskipting:

1. styrkleikaflokkur: lið 1, 2, 3 og 4 sæti að lokinni deildarkeppni úrvalsdeildar tímabilið á undan.
2. styrkleikaflokkur: lið 5, 6, 7 og 8 sæti að lokinni deildarkeppni úrvalsdeildar tímabilið á undan.
3. styrkleikaflokkur: lið 9, 10, 11 og 12 sæti að lokinni deildarkeppni úrvalsdeildar tímabilið á undan. Liðið sem vinnur 1. deild skipar 11 sæti og liðið sem kemur upp í úrvalsdeild eftir úrslitakeppni 1. deildar skipar 12 sæti.
4. styrkleikaflokkur: Þau 4 lið sem leika í 1. deild karla. Þau eru liðin tvö sem féllu úr úrvalsdeild og þau tvö lið sem þátt tóku í úrslitakeppni 1. deildar árið á undan en töpuðu í úrslitakeppni deildarinnar.

Mótanefnd ákveður hverju sinni leikstað í undanúrslitum og úrslitum keppinnar („Final four“).

Um tekjuskiptingu í riðlakeppni skal farið með eins og í Íslandsmóti. Tekjuskipting í undanúrslitaleikjum skiptist jafn á milli þáttökuliða. Tekjuskipting í úrslitaleik skiptist jafnt á milli þáttökuliða.

Nafn á keppnina:

KKÍ er heimilt að ná samkomulagi við bakhjarl fyrir bikarinn og skal keppnin þá bera nafn hans.

Fyrirtækjabikarinn er deildarkeppni. Þáttökurétt hafa þau 12 lið sem skipa úrvalsdeildina á viðkomandi leiktíð. Liðunum er skipt upp í fjóra riðla og er leikin tvöföld umferð, heima og heiman, við öll lið í sama riðli. Keppnin klárast svo í fjögurra liða úrslitum fyrir upphaf Íslandsmóts. Félög greiða ekkert gjald vegna þátttöku í keppninni.

Röðunin í riðla er sem hér segir:

Fer eftir stöðu liða í deildarkeppninni árið áður.

Í A-riðli leika lið 1, 8, 9

Í B-riðli leika lið 2, 7, 10

Vísað til Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt



Í C-riðli leika lið 3, 6, 11 (lið sem vann 1. deild)

Í D-riðli leika lið 4, 5, 12 (lið sem vann úrslitakeppni 1. deildar)

Hin fjögur fræknu:

Mótanefnd velur leikstað fyrir undanúrslitin og úrslitaleikinn.

Undanúrslit:

Viðureign 1: sigurvegari A-riðils - sigurvegari D-riðils

Viðureign 2: sigurvegari B-riðils - sigurvegari C-riðils

Úrslit:

Sigurvegari viðureign 1 - sigurvegari viðureign 2

Tekjuskipting:

Heimaliðið fær allar tekjur af leikjum sem leiknir eru í deild.

Um tekjuskiptingu í úrslitaleik skal hafður sami háttur á og fyrir úrslitaleiki í bikarkeppni KKÍ þar sem fulltrúar liðanna í úrslitaleikjum karla og kvenna gera með sér samkomulag um tekjuskiptingu að frádregnum sameiginlegum kostnaði.

Nafn á keppnina:

KKÍ er heimilt að ná samkomulagi við bakhjarl fyrir bikarinn og skal keppnin þá bera nafn hans.

Greinargerð

Áhugi á fyrirtækjabikarnum er í algjöru lágmarki meðal úrvalsdeildarliða og áhangenda þeirra. Þessi tilraun til að fjölga leikjum innan tímabils með því að vera með fyrirtækjabikarinn blandaðan við úrvalsdeild hefur því mistekist, þar sem fæst lið ná inn fyrir dómarakostnaði með áhorfendatekjum á þessum leikjum. Það er því nær að spila þessa keppni sem undirbúningsmót fyrir tímabilið, rétt eins og gert er t.d. í fótboltanum.

Körfuknattleiksdeild Stjórnunnar



Þingskjal nr. 3

Reglugerð um körfuknattleiksmót

18. grein

- Í úrvalsdeild karla skulu alltaf vera a.m.k. ~~3~~ 4 íslenskir ríkisborgarar á leikvelli og aldrei fleiri en ~~2 erlendir leikmenn~~ 1 erlendir leikmaður. Ef lið á ekki ~~3~~ 4 leikhæfa íslenska ríkisborgara eftir á skýrslu en fleiri en ~~2 erlenda~~ 1 erlendan skulu samt sem áður aldrei vera fleiri en ~~2 erlendir ríkisborgarar~~ 1 erlendir ríkisborgari á leikvelli.
- Í úrvalsdeild kvenna skulu alltaf vera a.m.k. 4 íslenskir ríkisborgarar inn á leikvelli og aldrei fleiri en 1 erlendir leikmaður. Ef lið á ekki 4 leikhæfa íslenska ríkisborgara eftir á skýrslu en fleiri en 1 erlendan skal samt sem áður aldrei vera fleiri en 1 erlendir ríkisborgari á leikvelli.
- Í 1. deild karla skulu alltaf vera a.m.k. 4 íslenskir ríkisborgarar á leikvelli og aldrei fleiri en 1 erlendir leikmaður. Ef lið á ekki 4 leikhæfa íslenska ríkisborgara eftir á skýrslu en fleiri en 1 erlendan skal samt sem áður aldrei vera fleiri en 1 erlendir ríkisborgari á leikvelli.
- Í bikarkeppni karla, fyrirtækjabíkar karla og meistarakeppni karla gilda sömu reglur og um úrvalsdeild karla.
- Í bikarkeppni kvenna, fyrirtækjabíkar kvenna og meistarakeppni kvenna gilda sömu reglur og um úrvalsdeild kvenna.
- Erlendir ríkisborgari sem hefur samkvæmt Þjóðskrá haft lögheimili á Íslandi samfelld 3 ár telst ekki sem erlendir leikmaður í reglugerð þessari og skal hann framvísa nauðsynlegum gögnum til skrifstofu KKÍ. KKÍ staðfestir að hann teljist með íslenskum ríkisborgurum í þessari reglugerð. Sá sem hefur leiktíðina sem erlendir leikmaður telst sem slíkur út leiktíðina.
- Fyrir brot á þessari reglugerð skal refsa með tæknivillu (C) á þjálfara þess lið sem brotið fremur. Vinnulag við eftirlit á þessu skal vera þannig háttáð að á leikmannaalistaum sem lið afhenda ritara skal koma fram hverjir teljast erlendir leikmenn og skal ritari skrifa (E) framan við nafn þeirra. Ef upp kemstu um brot á þessu er framgangsmáti eftirfarandi.
 - Áður en knöttur fer í leik þegar leikur er settur af stað – leikmanni skipt útaf aftur og dæmd tæknivilla á þjálfara (C).
 - Eftir að knöttur hefur aftur farið í leik og andstæðingur hins ólöglega skipaða liðs hefur vald á honum. – Stöðva skal leik án tafar nema að andstæðingar verði fyrir óhagræði. Umframfjöldi erlendra leikmanna skipt útaf og dæmd tæknivilla á þjálfara (C).
 - Eftir að knöttur hefur aftur farið í leik og hið ólöglega skipaða lið hefur vald á honum. – Leikur stöðvaður án tafar. Umframfjöldi erlendra leikmanna skipt útaf og dæmd tæknivilla á þjálfara (C).
 - Eftir að knöttur hefur aftur farið úr leik eftir að lið varð ólöglega skipað. - Umframfjöldi erlendra leikmanna skipt útaf og dæmd tæknivilla á þjálfara (C).



Greinargerð

Íslenskir leikmenn hafa fallið um of í skugga erlendra leikmanna undanfarin ár og tími er kominn til þess að Íslenskir leikmenn fái að bera stærri ábyrgð í leikjum liða sinna. Stór þáttur í þessu er að takmarka fjölda erlendra leikmanna inná velli í 1. Með þessu er einnig stuðlað að samhæfingu deilda, þannig að allar karla og kvennadeilda sitji við sama borð. Það hefur komið á daginn að rekstur úrvalsdeildarliða karla er þungur í vöfum og áhorfendafjöldi hefur minnkað jafnt og þétt síðustu ár. Deildin mun öðlast meiri áhuga hjá almenningi og fleiri sækja leiki í kjölfar þessarar reglubreytingar.

Körfuknattleiksdeild UMFN



Þingskjal nr. 4

Reglugerð um körfuknattleiksmót

18. grein

- Í úrvalsdeild karla skulu alltaf vera a.m.k. ~~3~~ 4 íslenskir ríkisborgarar á leikvelli og aldrei fleiri en ~~2 erlendir leikmenn~~ 1 erlendir leikmaður. Ef lið á ekki ~~3~~ 4 leikhæfa íslenska ríkisborgara eftir á skýrslu en fleiri en ~~2 erlenda~~ 1 erlenda skulu samt sem áður aldrei vera fleiri en ~~2 erlendir ríkisborgarar~~ 1 erlendir ríkisborgari á leikvelli.
- Í úrvalsdeild kvenna skulu alltaf vera a.m.k. 4 íslenskir ríkisborgarar inn á leikvelli og aldrei fleiri en 1 erlendir leikmaður. Ef lið á ekki 4 leikhæfa íslenska ríkisborgara eftir á skýrslu en fleiri en 1 erlendan skal samt sem áður aldrei vera fleiri en 1 erlendir ríkisborgari á leikvelli.
- Í 1. deild karla skulu alltaf vera a.m.k. 4 íslenskir ríkisborgarar á leikvelli og aldrei fleiri en 1 erlendir leikmaður. Ef lið á ekki 4 leikhæfa íslenska ríkisborgara eftir á skýrslu en fleiri en 1 erlendan skal samt sem áður aldrei vera fleiri en 1 erlendir ríkisborgari á leikvelli.
- Í bikarkeppni karla, fyrirtækjabikar karla og meistarakeppni karla gilda sömu reglur og um úrvalsdeild karla.
- Í bikarkeppni kvenna, fyrirtækjabikar kvenna og meistarakeppni kvenna gilda sömu reglur og um úrvalsdeild kvenna.
- Erlendir ríkisborgari sem hefur samkvæmt Þjóðskrá haft lögheimili á Íslandi samfelld í 3 ár telst ekki sem erlendir leikmaður í reglugerð þessari og skal hann framvísa nauðsynlegum gögnum til skrifstofu KKÍ. KKÍ staðfestir að hann teljist með íslenskum ríkisborgurum í þessari reglugerð. Sá sem hefur leiktíðina sem erlendir leikmaður telst sem slíkur út leiktíðina.
- Fyrir brot á þessari reglugerð skal refsast með tæknivillu (C) á þjálfara þess liðs sem brotið fremur. Vinnulag við eftirlit á þessu skal vera þannig háttáð að á leikmannaalistaum sem lið afhenda ritara skal koma fram hverjir teljast erlendir leikmenn og skal ritari skrifa (E) framan við nafn þeirra. Ef upp kemstu um brot á þessu er framgangsmáti eftirfarandi.
 - Áður en knöttur fer í leik þegar leikur er settur af stað – leikmanni skipt útaf aftur og dæmd tæknivilla á þjálfara (C).
 - Eftir að knöttur hefur aftur farið í leik og andstæðingur hins ólöglega skipaða liðs hefur vald á honum. – Stöðva skal leik án tafar nema að andstæðingar verði fyrir óhagræði. Umframfjöldi erlendra leikmanna skipt útaf og dæmd tæknivilla á þjálfara (C).
 - Eftir að knöttur hefur aftur farið í leik og hið ólöglega skipaða lið hefur vald á honum. – Leikur stöðvaður án tafar. Umframfjöldi erlendra leikmanna skipt útaf og dæmd tæknivilla á þjálfara (C).
 - Eftir að knöttur hefur aftur farið úr leik eftir að lið varð ólöglega skipað. - Umframfjöldi erlendra leikmanna skipt útaf og dæmd tæknivilla á þjálfara (C).

Körfuknattleiksdeild Fjölnis

Vísað til Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt



Þingskjal nr. 5

Reglugerð um venslasamninga

Félögum innan KKÍ er heimilt að gera venslasamninga sín á milli. Með venslasamning er átt við að leikmenn fari frá félagi sem er í efri deild (móðurfélag) til félags sem er í neðri deild (fósturfélag) en haldi réttindum sínum til þátttöku í mótum hjá móðurfélaginu.

Eftirfarandi reglur gilda um Venslasamninga:

1. Leikmaður skal ekki vera ~~genginn upp úr unglingsflokki~~ eldri en 24 ára þegar venslasamningur er gerður.
2. Félög í efri deild (móðurfélag) getur að hámarki veitt 6 leikmönnum sínum venslasamning.
3. Félag í neðri deild (fósturfélag) getur að hámarki gert venslasamning við 2 leikmenn. Ekki þarf að vera um sama móðurfélag að ræða.
4. Þeim sjö leikmönnum sem leikið hafa flestar mínútur að meðaltali fyrir móðurfélag er ekki heimilt að vera á venslasamning.
5. Um venslasamninga gilda almennar reglur um félagaskipti í meistarflokki karla og kvenna.
6. Félög öðlast engan rétt til leikmanns sem það fær frá móðurfélagi. Móðurfélag getur rift samningi hvenær sem er á keppnistímabilinu og þarf að tilkynna það til KKÍ óski það þess. Leikmaður má gera nýjan venslasamning á tímabilinu að gefnu samþykki móðurfélags og eins og almennar reglur um félagaskipti segja til um (sjá 5. grein)
7. Venslasamningur öðlast ekki gildi fyrr en formlega hefur verið tilkynnt um hann til KKÍ.

Greinargerð:

Það þarf að gefa leikmönnum tækifæri í lengri tíma frá uppeldisfélagi að fara á venslasamning en strax eftir að upp úr unglingsflokki kemur.

Körfuknattleiksdeild Fjölnis



Þingskjal nr. 6

Reglugerð um venslasamninga félaga sem eru ekki með meistaraflokk

Venslasamningur þessi gildir um félög sem ekki eru með meistaraflokk karla og/eða kvenna. Ef félagið er með meistaraflokk karla eða kvenna þá gildir samningurinn gildir aðeins um það kyn sem félagið er ekki með meistaraflokk í.

Félögum innan KKÍ sem ekki eru með meistaraflokk karla og/eða kvenna er heimilt að gera venslasamninga við félag með meistaraflokk. Með venslasamning er átt við að leikmenn fari frá félagi sem ekki er með meistaraflokk (móðurfélag) til félags sem er með meistaraflokk (fósturfélag) en haldi réttindum sínum til þátttöku í mótum hjá móðurfélaginu.

Eftirfarandi reglur gilda um Venslasamninga félaga sem ekki eru með meistaraflokk við félög sem eru með meistaraflokk:

1. Leikmaður skal ekki vera genginn upp úr unglingsflokkum þegar venslasamningur er gerður.
2. Félag sem ekki er með meistaraflokk (móðurfélag) getur að hámarki veitt 4 leikmönnum sínum venslasamning.
3. Félag sem er með meistaraflokk (fósturfélag) getur að hámarki gert venslasamning við 4 leikmenn félaga sem ekki eru með meistaraflokk. Ekki þarf að vera um sama móðurfélag að ræða.
4. Um venslasamninga gilda almennar reglur um félagaskipti í meistaraflokkum karla og kvenna.
5. Félag öðlast engan rétt til leikmanns sem það fær frá móðurfélagi. Móðurfélag getur rift samningi hvenær sem er á keppnistímabilinu og þarf að tilkynna það til KKÍ óski það þess. Leikmaður má gera nýjan venslasamning á tímabilinu að gefnu samþykki móðurfélags og eins og almennar reglur um félagaskipti segja til um (sjá 4. grein) 6.
6. Venslasamningur öðlast ekki gildi fyrr en formlega hefur verið tilkynnt um hann til KKÍ.

Greinargerð:

Með síðustu reglugerðarbreytingu á venslasamningum var félögum sem ekki eru með meistaraflokka gert nánast ógerlegt að gefa sínum leikmönnum tækifæri á að spila í meistaraflokki ásamt því að spila með liði sínu í yngri flokkum. Ég tel ekki að þessi reglugerðar tillaga breyti á neinn hátt því inntaki sem síðast breyting á venslasamningum meistaraflokka karla og kvenna kveður á um. Einungis er verið að opna í hina áttina fyrir þau örfáu félög sem eru ekki með meistaraflokk til að gefa sínum bestu leikmönnum aukin tækifæri.

UMF Kormákur



REGLUGERÐ UM AGA- OG ÚRSKURÐAMÁL

1. GILDISSVIÐ

Reglugerð þessi er sett með stöð í 15. grein laga Körfuknattleikssambands Íslands. Hún gildir um öll aga- og úrskurðarmál innan vébanda KKÍ nema mál séu sérstaklega falið öðrum úrskurðaraðilum samkvæmt lögum og reglugerðum KKÍ.

2. MARKMIÐ

Markmið reglugerðarinnar er að tryggja skýrar og afmarkaðar reglur um aga- og úrskurðarmál KKÍ. Markmið hennar er einnig að sameina öll þau mál er upp koma innan KKÍ er varða agamál, sem aganefnd KKÍ fjallaði um áður, sem félagaskiptanefnd KKÍ fjallaði um og kærur sem dómstóll KKÍ fjallaði um sem fyrsta dómstig, undir einn og sama úrskurðaraðilann, aga- og úrskurðarnefnd KKÍ.

3. LÖGSAGA OG HLUTVERK

Aga- og úrskurðarnefnd KKÍ skal hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum, sem koma upp innan vébanda Körfuknattleikssambands Íslands og varða lög og reglur þess eftir því sem við á. Nefndin skal byggja niðurstöður sínar á lögum og reglugerðum KKÍ.

Aga- og úrskurðarnefnd KKÍ úrskurðar í öllum agamálum KKÍ og er jafnframt fyrsta dómstig í kærumálum, sem upp koma innan körfuknattleikshreyfingarinnar.

Meginhlutverk nefndarinnar er þannig tvíþætt, annars vegar agamál og hins vegar úrskurðaraðili á fyrsta dómstigi og ráðast málsmeðferðarreglur nokkuð eftir þessari skiptingu.

Nefndin getur tekið ákvörðun um viðurlög samkvæmt lögum KKÍ, reglugerð þessarri og öðrum reglugerðum KKÍ gagnvart aðildarfélögum, forráðamönnum, leikmönnum, þjálfurum, starfsmönnum og öðrum þeim, sem eru innan vébanda aðildarfélaga Körfuknattleikssambands Íslands vegna brota þeirra á lögum KKÍ, reglugerðum KKÍ og öðrum reglum.

Nefndin hefur aðsetur á skrifstofu Körfuknattleikssambands Íslands, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, 104 Reykjavík og skal KKÍ tilkynna án tafar allar breytingar sem verða á skipan nefndarinnar eða aðsetri.

4. SKIPAN OG HÆFI

Aga- og úrskurðarnefnd KKÍ skal skipuð formanni og tveimur varaformönnum, sem skulu allir löglærðir, og auk þeirra þrem mönnum. Skulu þeir kosnir á Körfuknattleiksþingi til tveggja ára í senn.

Nefndin starfar samkvæmt reglugerð þessari og skulu a.m.k. þrír nefndarmenn taka þátt í ákvörðun nefndarinnar og skal a.m.k. einn þeirra vera formaður eða varaformaður. Formaður ákveður nánar verklag.

Nefndarmaður er vanhæfur að fara með mál ef:

- Hann er aðili máls eða fyrirsvarsaður aðila.
- Hann hefur gætt hagsmuna aðila varðandi efni málsins eða veitt aðila leiðbeiningar um það, umfram skyldu.

Vísað til Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt



- c) Hann hefur borið eða verið kvaddur til að bera vitni um atvik málsins af réttmætu tilefni eða verið mats- eða skoðunarmaður um efni málsins.
- d) Hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
- e) Hann tengist eða hefur tengst fyrirvarsmanni eða málflytjanda með þeim hætti er segir í lið d.
- f) Hann tengist eða hefur tengst vitni í málinu með sama hætti og segir í lið d.
- g) Fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa, m.a. ef hann eða náinn skyldmenni eru félagsbundin aðila máls eða hann vanhæfur af öðrum ástæðum.

Stjórn KKÍ skal skipa nefndarmann í aga- og úrskurðarnefnd til meðferðar einstaks máls ef tilskilinn fjöldi næst ekki úr kjörnum nefndarmönnum vegna vanhæfis þeirra.

5. ALMENNAR MÁLSMEÐFERÐARREGLUR

Málsmeðferðarreglur samkvæmt reglugerð þessari skiptast í tvennt eftir því hvort um agamál er að ræða eða kærúmál vegna meintra brota á lögum og reglugerðum KKÍ.

~~Aga- og úrskurðarnefnd skal kveða upp úrskurði á þriðjudögum. Almennu skulu öll mál sem borist hafa til skrifstofu KKÍ með sannarlegum hætti fyrir 13:00 mánudaginn á undan tekin fyrir.~~

Ef brýn nauðsyn krefur getur nefndin haldið fundi til úrslausnar einstakra mála. Einnig er heimilt að kalla nefndina saman, ef ætla má að mati dómsformanns, að kveðinn hafi verið upp rangur úrskurður vegna villandi eða rangra upplýsinga í skýrslu dómara.

Nefndinni er heimilt að halda fundi nefndarinnar með fjarskiptatækjum t.d síma eða tölvupóstum.

Nefndin getur ávallt í öllum málum óskað eftir skriflegum athugasemdum frá Körfuknattleikssambandi Íslands stjórn KKÍ eða öðrum þeim er málið getur varðað.

Aðila máls fyrir aga- og úrskurðarnefnd er heimilt að fela umboðsmanni að gæta hagsmuna sinna fyrir nefndinni. Telji nefndin að hætta sé á að málsstaður einhvers málsaðila verði fyrir tjóni vegna þess að hann er ekki fær um að koma sínum sjónarmiðum að í málinu, getur formaður hennar tilkynnt slíkt til ~~framkvæmdastjóra stjórnar~~ KKÍ sem getur þá skipað slíkum aðila talsmann í viðkomandi máli.

6. SÉRSTAKAR MÁLSMEÐFERÐARREGLUR VEGNA AGAMÁLA

Aga- og úrskurðarnefnd úrskurðar um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum dómara KKÍ í leikjum í mótum á vegum KKÍ (Íslandsmót, bikarkeppni, fyrirtækjabikar, meistarakeppni og landsleikir) enda fjalli hvorki FIBA World né FIBA Europe um málið. ~~Jafnframt úrskurðar nefndin um önnur mál sem framkvæmdastjóri KKÍ eða aðrir, sem til þess hafa heimild, beina til nefndarinnar eða nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna körfuknattleiksleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau.~~

Dómaranefnd KKÍ hefur kærú – og ábendingarrétt til aga- og úrskurðarnefndar. Jafnframt hefur aga- og úrskurðarnefnd heimild til að úrskurða um öll önnur mál sem

Vísað til Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt



nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna körfuknattleiksleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau.

Aðrir aðilar en að framan greinir hafa ekki kærurétt til aga- og úrskurðarnefndar. Þó er þeim aðilum er hafa bein tengsl við leiki í mótum á vegum KKÍ (Íslandsmót, bikarkeppni, fyrirtækjabikar, meistarakkeppni og landsleikir) heimilt að leggja fram hvers kyns gögn eða skriflegar athugasemdir til aga- og úrskurðarnefndar sem ábendingu um agabrot. Skal aga- og úrskurðarnefnd meta það sjálfstætt hvort slík ábending gefi tilefni til málsmeðferðar í samræmi við heimildir nefndarinnar skv. 7. mgr. 6. gr. reglugerðar þessarar. Ef ábending gefur ekki tilefni til málsmeðferðar að mati nefndarinnar er ekki þörf á formlegri eða rökstuddri ákvörðun þess efnis frá nefndinni.

Aga og úrskurðarnefnd skal bundin af ákvörðun dómara leiks, t.d varðandi brottvísun eða tæknivillu.

Leikmaður, þjálfari eða forráðamaður liðs hefur heimild til að gera skriflega athugasemd til aga- og úrskurðarnefndar innan tveggja sólarhringa frá því að leik lýkur vegna kæransleiks atviks í leiknum. Viðkomandi skal fá afrit gagna frá skrifstofu Körfuknattleikssambands Íslands. Skal viðkomandi koma með sínar athugasemdir innan frestsins. Ef athugasemdir koma fram eftir frestinn er nefndinni ekki skylt að líta til þeirra við ákvörðun sína. Í úrslitakeppni er andmælaréttur þessi einungis einn sólarhringur frá kæransleiku atviki.

Í úrslitakeppni og bikarkeppnum allra flokka skal nefndin kvödd saman um leið og kæra berst. Skal nefndin kveða upp úrskurð í málinu svo fljótt sem auðið er. Ef um er ræða síðasta leik í deildarkeppni skulu sömu reglur gilda.

Aga og úrskurðarnefnd er heimilt að taka til meðferðar kæru eða ábendingu á agabroti sem framið var án vitundar dómara leiksins eða dómari ekki vísað viðkomandi af leikvelli eða keppnisstað, ef gögn sýna á óyggjandi hátt að brot hafi verið framið. Er nefndinni þar meðal annars heimilt að byggja á myndbandsupptöku af leiknum.

7. SÉRSTAKAR MÁLSMEÐFERÐARREGLUR VEGNA KÆRUMÁLA

Einstaklingur og/eða félag, sem misgert er við og hefur hagsmuni af meintu broti hefur rétt til að leggja fram kæru til aga- og úrskurðarnefndar KKÍ. Aðila sem hefur kærurétt er heimilt að beina þeirri kröfu til nefndarinnar að hann verði aðili máls og skal slík krafa koma fram eigi síðar en við aðalflutning málsins.

Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg, undirrituð af aðila máls eða umboðsmanni hans, berast nefndinni ásamt fylgigögnum í 4 eintökum og fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

- a) Nafn kæranda, kennitala, heimilisfang, símanúmer, faxnúmer og netfang.
- b) Nafn kærða, kennitala, heimilisfang, símanúmer, faxnúmer og netfang.
- c) Nafn fyrirsvarsmanns kæranda og kærða ásamt ofangreindum upplýsingum.
- d) Skýr kröfugerð.
- e) Lýsing helstu málavaxta.
- f) Tilvísun til þeirra laga og reglugerða, sem byggt er á í málinu.
- g) Lýsing á helstu röksemdum.
- h) Lýsing á helstu gögnum er fylgja kæru.

Vísað til Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt



i) Upptalning á vitnum, sem kærandi óskar að kalla til skýrslutöku.

Mál telst höfðað þegar kæra berst skrifstofu KKÍ og á kærandi rétt á staðfestingu á móttöku. Áður en málið er lagt fyrir næsta fund skal formaður nefndarinnar taka afstöðu hvort einhverjir formgallar séu á kæru sem varði frávísun með úrskurði. Verði málinu ekki vísað frá vegna formgalla skal það lagt fyrir á næsta fundi aga- og úrskurðarnefndar KKÍ til efnislegrar meðferðar.

Skrifstofa KKÍ skal senda kærða (varnaraðila) án tafar og með sannanlegum hætti kæru og fylgigögn ásamt áskorun um að halda uppi vörnum í málinu. Kærði hefur sjö þriggja daga sólarhringa frest til að skila greinargerð í málinu ~~og skal hún fullnægja sömu kröfum og gerðar eru til kæru, eftir því sem við getur átt.~~ Skal greinargerðin fullnægja sömu kröfum og gerðar eru til kæru, eftir því sem við getur átt. Nefndinni er heimilt að lengja þennan frest ef rökstudd beiðni kærða (varnaraðila) berst þar um.

Þegar öll gögn málsins hafa borist nefndinni skal nefndin taka ákvörðun um hvort mál skuli í reynd flutt, þá munnlega eða skriflega, hvort taka skuli vitna- eða aðilaskýrslur fyrir nefndinni eða annað það sem taka þarf ákvörðun um varðandi málsmeðferð málsins eftir móttöku þess.

Telji dómsformaður augljóst við skoðun á kæru, að brotið hafi verið gegn lögum og reglugerðum KKÍ, getur hann ákvarðað flýtimeðferð máls. Þeirri kröfu er beint til varnaraðila að hann upplýsi innan sólarhrings hvort hann hyggst hafa varnir uppi í málinu og hverjar þær séu. Komi engar varnir fram eða þær bersýnilega tilgangslausar er heimilt að kveða upp úrskurð án tafar.

Heimilt er að dæma kærðum ómakspóknun úr hendi kæranda enda sé kæran tilhæfulaus.

8. FRESTIR

Kærumál

Kæru vegna kærumála skulu berast aga- og úrskurðarnefnd KKÍ innan 5 þriggja sólarhringa daga frá kærانlegu atviki ~~og skulu almennir frídagar ekki taldir þar með.~~ Berist kæran eftir að tímamörk eru liðin skal nefndin vísa kærinni frá.

Kæru vegna kærumála í bikarkeppnum og úrslitakeppnum skulu berast aga- og úrskurðarnefnd KKÍ innan eins sólarhrings frá kærانlegu atviki. Berist kæran eftir að tímamörk eru liðin skal nefndin vísa kærinni frá.

Sé kærumáli vísað frá vegna formgalla, sbr. staflíði a. - i. í ákvæði 7. gr. reglna þessara, hefur kærandi ~~þriggja daga~~ eins sólarhrings frest til að leggja fram nýja og bættu kæru til nefndarinnar. Frestur telst byrja að líða þegar frávísun berst kæranda ~~og almennir frídagar skulu ekki taldir með.~~

Agamál

Kæra dómara skal berast aga- og úrskurðarnefnd innan tveggja sólarhringa frá kærانlegu atviki, ~~og skulu almennir frídagar ekki teljast með.~~ Ef kæra berst eftir þann frest er nefndinni heimilt að vísa viðkomandi kæru frá.

Vísað til Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt



Kæra vegna eða ábending frá stjórn KKI vegna agamála frá öðrum aðila en dómara vegna agamála skal berast innan 3 tveggja sólarhringa frá kærانlegu atviki og skulu almenntir frídagar ekki teljast með. Ef kæra eða ábending berst eftir þann frest er nefndinni heimilt að vísa viðkomandi kæru frá.

Ábendingar frá öðrum aðilum til aga- og úrskurðarnefndar, sbr. 6. gr. reglugerðar þessarar, skulu berast innan tveggja sólarhringa frá kærانlegu atviki.

9. ÚRSKURÐIR AGA- OG ÚRSKURÐARNEFNDAR

Uppkvaðning úrskurða í kærumálum og gildistaka

Úrskurði nefndarinnar skulu kveðnir upp svo fljótt sem verða má eftir að gagnaöflun telst lokið og málið tekið til úrskurðar. Leitast skal við að kveða upp úrskurð innan viku frá því að málið var tekið til úrskurðar.

Úrskurðir aga- og úrskurðarnefndar skulu almennt taka gildi við uppkvaðningu þeirra eða eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

Uppkvaðning úrskurða í agamálum og gildistaka

Aga- og úrskurðarnefnd skal kveða upp úrskurði á miðvikudögum. Almennt skulu öll mál sem borist hafa til skrifstofu KKI með sannarlegum hætti fyrir klukkan 13:00 þriðjudaginn á undan tekin fyrir.

Úrskurðir nefndarinnar varðandi agamál taka almennt gildi klukkan 12:00 á hádegi næsta fimmtudag frá birtingu þeirra. Óheimilt er að taka út viðurlög í agamálum áður en úrskurðir taka gildi.

Í úrslitakeppni allra flokka taka úrskurðir í agamálum gildi um leið og þeir hafa verið birtir. Það sama gildir um atvik sem gerast í síðasta leik í deildarkeppni.

Ef augljóst er, að kveðinn hafi verið upp rangur úrskurður varðandi agamál vegna villandi eða rangra upplýsinga í skýrslu dómara eða rangrar/ófullnægjandi skráningar eða ef rangar upplýsingar hafa borist skrifstofu KKI, þá skal aga- og úrskurðarnefndin halda aukafund og leiðréttu úrskurð eða kveða upp nýjan. Sá úrskurður skal taka gildi um leið og hann hefur verið birtur.

10. ÚRSKURÐIR

Formaður aga- og úrskurðarnefndar skal halda utan um úrskurði nefndarinnar og almenn nefndarstörf.

Jafnframt skal skrifstofa KKI halda utan um úrskurði nefndarinnar og birta þá jafnóðum á heimasíðu KKI.

Stjórn KKI er heimilt að krefjast endurrita af samskiptum nefndarmanna ef tilefni þykir til. Slík endurrit er með öllu óheimilt að birta almenningi.

Úrskurðir í kærumálum skulu vera skriflegir og rökstuddir og skal eftirfarandi koma fram að lágmarki:

- Hverjir séu aðilar máls.
- Kröfugerð og málavaxtalýsing.
- Helstu málsástæður og röksemdir málsaðila.
- Rökstuðningur og niðurstaða nefndarinnar.

Vísað til Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt



- e) Sératkvæði minnihluta, ef um slíkt er að ræða.
- f) Greint frá heimild aðila til áfrýjunar og áfrýjunarfresti.

Afl atkvæða innan nefndarinnar ræður úrslitum máls. Ef nefndin er ósammála um niðurstöðuna skal þess getið sérstaklega. Í úrskurði skal koma fram hverjir standa að baki honum.

Úrskurðir í agamálum

Í úrskurðarorðum skal vísa til þeirra(r) greina(r) sem úrskurður byggir á.

Nefndinni er heimilt í meiriháttar agamálum að rökstyðja úrskurð sinn.

11. BIRTING ÚRSKURÐA

Skrifstofa KKÍ sendir málsaðilum úrskurði jafnskjótt og þeir hafa verið kveðnir upp með tölvupósti eða símbréfi til formanns körfuknattleiksdeildar þess aðila, sem félagið hefur tilkynnt KKÍ um eða kæranda og kærða sem getið er í kæru og greinargerð. Áhætta af mistökum við afhendingu tölvupósts eða símbréfs hvílir alfarið á móttakanda.

Úrskurður nefndarinnar skal einnig birtur á heimasíðu KKÍ strax eftir uppkvaðningu hans.

12. VIÐURLÖG

Aga- og úrskurðarnefnd KKÍ getur í úrskurðarorði auk efnisniðurstöðu m.a. kveðið á um eftirfarandi réttindi og skyldur aðila málsins:

- a) Úrskurðað leik ógildann, látið endurtaka hann eða dæmt um úrslit hans.
- b) Svipt aðila rétti til að gegna trúnaðarstörfum innan körfuknattleikshreyfingarinnar (hefur ekki í för með sér missi almennra félagsréttinda eða keppnisréttar).
- c) Óhlutgengisúrskurður, sem veldur útilokun frá þátttöku í keppni innan körfuknattleikshreyfingarinnar, um stundarsakir eða ævilangt.
- d) Úrskurðað aðila til að greiða aðila kostnað vegna málsins telji nefndin málsgrundvöllinn tilefnislausan.

Nefndin getur beitt eftirfarandi viðurlögum:

- a) Áminningu eða ávítum.
- b) Banni við hvers konar störfum eða aðkomu að kappleikjum.
- c) Ákvarðað dagsektir gagnvart aðildarfélögum KKÍ, sem renna til KKÍ.
- d) Ákveðið sektir á aðildarfélög KKÍ.
- e) Aðrar þær refsingar er lög og reglugerðir KKÍ tiltaka og heimila.

13. VIÐURLÖG VIÐ AGABROTUM

Viðurlög við agabrotum ákvarðast sem hér segir:

a) Sé leikmanni vísað af leikvelli vegna tveggja óíþróttamannslegra villna, tveggja tæknivillna sem ekki eiga rót sína að rekja til ósæmilegrar framkomu eða hafi honum verið vísað af velli fyrir að hafa yfirgefið svæði varamanna við slagsmál, eða aðstæður sem leitt gætu til slagsmála, sem hann að öðru leyti tók ekki þátt í, skal viðkomandi almennt áminntur af aga- og úrskurðarnefnd. Ef leikmanni er vísað aftur af leikvelli vegna sömu ástæðna og að framan greinir innan sama leiktímabils skal hann sæta eins leiks banni. Ef leikmanni er oftár vísað af leikvelli vegna sömu

Vísað til Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt



ástæðna og að framan greinir innan sama leiktímabils er nefndinni heimilt að úrskurða viðkomandi í tímabundið leikbann í öllum flokkum. Undanskilið þessu ákvæði eru tæknivillur vegna óhóflegra mótmæla eða mótþróa við dómara leiks eða vegna annarar ósæmilegrar framkomu gagnvart öðrum leikmönnum eða starfsmönnum leiksins. Um þær kærur fer almennt samkvæmt c. lið.

b) Sé þjálfara vísað af velli vegna tveggja tæknivillna skal hann almennt sæta eins leiks banni. Sé þjálfara eða leikmanni aftur vísað af velli vegna tveggja tæknivillna innan sama leiktímabils skal hann sæta tveggja leikja banni. Ef þjálfara eða liðstjóra er oftár vísað af leikvelli vegna sömu ástæðna og að framan greinir innan sama leiktímabils er nefndinni heimilt að úrskurða viðkomandi í tímabundið leikbann í öllum flokkum.

c) Hafi einstaklingi verið vísað af leikvelli eða keppnisstað fyrir alvarlega grófan leik eða ósæmilega framkomu skal aga- og úrskurðarnefnd úrskurða viðkomandi í eins eða tveggja leikja bann. Við slíka ákvörðun skal nefndin líta til ásetnings, afleiðinga og hver sé brotþoli. Sé sama einstaklingi aftur vísað af velli vegna sömu ástæðna og að framan greinir innan sama leiktímabils skal hann sæta tveggja eða þriggja leikja banni. Við slíka ákvörðun skal nefndin líta til ásetnings, afleiðinga og hver sé brotþoli. Ef einstaklingi er oftár vísað af leikvelli vegna sömu ástæðna og að framan greinir innan sama leiktímabils er nefndinni heimilt að úrskurða viðkomandi í tímabundið leikbann í öllum flokkum.

d) Hafi einstaklingi verið vísað af leikvelli eða keppnisstað vegna viljandi líkamsmeiðingar eða tilraunar til slíks þá skal aga- og úrskurðarnefnd úrskurða viðkomandi í þriggja leikja bann nema atlagan hafi haft alvarlegar afleiðingar en þá er nefndinni heimilt að úrskurða viðkomandi í tímabundið leikbann í öllum flokkum. Sé sama einstaklingi aftur vísað af velli eða keppnisstað vegna sömu ástæðna og að framan greinir innan sama leiktímabils skal hann sæta sex leikja banni nema atlagan hafi haft alvarlegar afleiðingar en þá er nefndinni heimilt að úrskurða viðkomandi í tímabundið leikbann í öllum flokkum. Ef einstaklingi er oftár vísað af leikvelli eða keppnisstað vegna sömu ástæðna og að framan greinir innan sama leiktímabils er nefndinni heimilt að úrskurða viðkomandi í tímabundið leikbann í öllum flokkum.

e) Ef einstaklingur gerist sekur um viljandi líkamsmeiðingar eða tilraun til slíks, eða aðra hættulega framkomu eða meiriháttar ósæmilega hegðun gagnvart dómurum eða starfsmönnum leiks þá, skal aga og úrskurðarnefnd dæma viðkomandi í fimm leikja bann. Ef atlagan hefur haft alvarlegar afleiðingar þá hefur aga- og úrskurðarnefnd heimild til að úrskurða viðkomandi í tímabundið leikbann í öllum flokkum. Ef einstaklingur gerist oftár sekur um viljandi líkamsmeiðingar, aðra hættulega framkomu eða meiriháttar ósæmilega hegðun gagnvart dómurum eða starfsmönnum leiks innan sama leiktímabils þá skal aga- og úrskurðarnefnd dæma viðkomandi í tímabundið leikbann í öllum flokkum sem skal að lágmarki vera út það tímabil.

f) Brot sem varða refsingu skv. framangreindum a. til d. liða geta hafa ítrekunaráhrif gagnvart hverjum öðrum. Skal aga- og úrskurðarnefnd meta í hverju og einu tilviki hvort ítrekunaráhrifa gæta og haga viðurlögum í samræmi við það.

Vísað til Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar
 Samþykkt óbreytt **Samþykkt með breytingum** **Fellt**



g) Brot í hverjum aldursflokki skal farið með sérstaklega. Þó skal aga- og úrskurðarnefnd heimilt að úrskurða aðila í bann í öllum aldursflokkum, ef um alvarlegt eða ítrekað brot er að ræða.

h) Ef áhorfendur gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum eða starfsmönnum eða öðrum áhorfendum leiks, er aga og úrskurðarnefnd heimilt að svipta viðkomandi heimalið heimaleikjum og/eða úrskurða það til greiðslu sektar til KKÍ að mati aga- og úrskurðarnefndar. Ef atvik þykja ekki það alvarleg að svipting leikja verði úrskurðuð, er aga og úrskurðarnefnd heimilt að áminna viðkomandi félag og/eða gera ábendingar er lúta að tryggja öryggi aðila og dómara. Verði um ítrekuð brot að ræða innan keppnistímabils þrátt fyrir áminningu, og ekki hefur verið orðið við ábendingum aga- og úrskurðarnefndar, skal svipta viðkomandi lið að lágmarki tveimur heimaleikjum. Aga- og úrskurðarnefnd skal meta heimaliði til málsbóta ef sannað þykir að áhorfendur útiliðs áttu upptök að, eða stærstan þátt í, hinni kærðu framkomu. Aga- og úrskurðarnefnd skal meta heimaliði það til málsbóta, ef öryggisgæsla telst hafa verið nægjanleg.

i) Gerist dómari sekur um óþrúðmannlega framkomu gagnvart leikmanni, forsvarsmanni liðs, þjálfara, liðsstjóra eða starfsmanni leiks eða öðrum viðstöddum er aga- og úrskurðarnefnd heimilt að veita viðkomandi dómara áminningu, eða úrskurða hann til greiðslu sektar ef brot er ítrekað eða alvarlegt. Allur vafi skal metinn kærða í hag.

j) Sé aðili kærður til aga- og úrskurðarnefndar sem ekki hefur verið vísað af leikvelli eða leikstað hefur aga- og úrskurðarnefnd heimild til að dæma viðkomandi í tímabundið leikbann í öllum flokkum.

k) Aðildarfélag sem yfirgefur leikvöll í mótmælaskini eða neitar að halda áfram leik má refsa með brottrekstri úr keppni, stigatapi, leikbanni á öllum leikmönnum og/eða sekta um allt að 100.000 kr.

l) Brot samkvæmt ákvæðum 13. gr. geta varðað sektum allt að fjárhæð kr. 50.000 í meistaraflokki og kr. 20.000 í öðrum aldursflokkum. Sama gildir ef þessir aðilar verða uppvísir að óþrúðmannlegri framkomu.

m) Ef forystumaður aðildarfélags, sem ekki er á leikskýrslu eða áhorfandi gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum, þjálfurum eða öðrum er heimilt að sekta viðkomandi aðildarfélag um allt að kr. 50.000. Ef brot telst alvarlegt eða um ítrekun er að ræða er auk þess heimilt að setja viðkomandi lið í heimaleikjabann, þar til öryggi leikmanna, þjálfara og annarra telst tryggt.

n) Brot skv. tilkynningu ~~frankæmdastjóra~~ stjórnar KKÍ sbr. 14. gr. ~~ein~~ hefur í för með sér refsingu eftir eðli brotsins þ.á.m. áminningu, ávítur, sektir að fjárhæð kr. 50.000 og leikbann.

o) Aganefnd er heimilt að beita öðrum viðurlögum sem lög og reglugerðir KKÍ tiltaka og heimila.

Viðurlög aga- og úrskurðarnefndar í agamálum skal afplána í leikjum í Íslandsmóti, bikarkeppni, fyrirtækjabikar og meistarakeppni KKÍ nema annað sé tekið fram.

Vísað til Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt



Agabrot framið á einu keppnistímabili hefur almennt ekki ítrekunaráhrif á því næsta. Ef leikmaður á eftir að taka út agaviðurlög þegar keppnistímabili lýkur, skal það gert í byrjun næsta keppnistímabils viðkomandi leikmanns. Flytjist leikmaður á milli aldursflokka um áramót, skal hann taka út viðurlögin í nýjum aldursflokki.

Þegar leikmaður hefur heimild til að leika með tveimur eða fleiri aldursflokkum á sama keppnistímabili, skal hann taka út viðurlög í þeim aldursflokki, þar sem hann hefur unnið til þeirra, þ.e. brot í hverjum einstökum aldursflokki skulu meðhöndlast sérstaklega.

Þegar félag sendir fleiri en eitt lið til keppni í sama mótið skal leikmaður taka út refsingu sína með öllum liðum félagsins í mótum í sama aldursflokki sbr. þó fyrri málsgrein.

Þjálfari, leikmaður, eða forystumaður sem tekur út leikbann og mætir á leikstað skal vera meðal áhorfenda frá og með tuttugu mínútum fyrir leik og þar til leik lýkur. Á því tímabili má viðkomandi ekki vera á leikvellingum, í búningsherbergjum eða annars staðar þar sem hann getur verið í tengslum við lið sitt. Ef leikmaður, sem jafnframt er þjálfari annars liðs, er úrskurðaður í leikbann, er honum heimilt að stjórna liði sínu á því tímabili, sem hann tekur út leikbann sem leikmaður.

Ef leikmaður, sem jafnframt er þjálfari liðsins, er úrskurðaður í leikbann, er honum óheimilt að stjórna liðinu í þeim leikjum sem hann tekur út leikbann í.

Frestist leikur, sem aflána skal refsingu í, skal afplánun frestast uns leikurinn fer fram. Breytingar á leikjaplani hafa ekki áhrif á tímabundið leikbann.

Úrskurðir um sektir á hendur dómurum taka þegar gildi, og er KKÍ heimilt að halda eftir greiðslum til viðkomandi dómara uns sektin er greidd.

14. ÓSÆMILEG FRAMKOMA

Framkvæmdastjóri Stjórn og framkvæmdastjóra KKÍ er heimilt að vísa til aga- og úrskurðarnefndar atvikum sem skaðað geta ímynd körfuknattleiks eða þeirra sem þátt taka í leiknum. Slík atvik hafa þá ekki komið fram í atvikaskýrslum dómara á leiknum en geta verið hvers kyns ósæmileg framkoma á leikstað eða á annan hátt opinberlega. Þegar talað er um opinberlega er átt við alla tegundir fjölmiðla, sjónvarpsmiðla, útvarpsmiðla, prentmiðla, netmiðla, heimasíður aðildarfélaga KKÍ og samfélagsmiðla (eins og til dæmis Facebook og Twitter).

Framkvæmdastjóri Stjórn og framkvæmdastjóri KKÍ skal skila greinargerð til nefndarinnar ásamt gögnum máli sínu til stuðnings og skal fara með slík mál eins og um kærsmål sé að ræða, eins og við getur átt.

15. ÁFRÝJUN TIL ÁFRÝJUNARDÓMSTÓLS KKÍ

Heimilt er að áfrýja til áfrýjunardómstóls KKÍ öllum úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar í kærsmålum.

Almennt verður úrskurðum nefndarinnar í agamálum ekki skotið til áfrýjunardómstóls KKÍ nema í eftirfarandi undantekningartilfellum:

- Vísað til Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar
 Samþykkt óbreytt **Samþykkt með breytingum** **Fellt**



- a) Úrskurði nefndarinnar um fjögurra leikja bann eða þyngri refsingu.
- b) Úrskurði nefndarinnar um eins mánaðar bann eða þyngri refsingu.
- c) Úrskurði nefndarinnar um viðurlög og refsingar sem nema hærri fjárhæð en 25.000,-.
- d) Úrskurði nefndarinnar á grundvelli l, m og n lið 13. greinar.

Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KKÍ skal vera 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Um meðferð áfrýjunarmála fyrir áfrýjunardómstól KKÍ fer að öðru leyti eftir lögum KKÍ og reglugerð KKÍ um áfrýjunardómstól KKÍ.

16. ÁFRÝJUN TIL ÁFRYJUNARDÓMSTÓLS ÍSÍ

Heimilt er að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSÍ þeim málum áfrýjunardómstóls KKÍ, sem hafa almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild sbr. nánar reglugerð KKÍ um áfrýjunardómstól KKÍ.

17. ENDANLEG NIÐURSTAÐA

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KKÍ um ágreiningsefni sem ekki verður skotið til áfrýjunardómstóls KKÍ er endanlegur og bindandi fyrir málsaðila. Verður þeim úrskurðum ekki skotið til áfrýjunardómstóls KKÍ eða annarra dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar. Jafnframt skuldbinda aðilar sig til að skjóta ágreiningi, sem úrskurðað hefur verið um af aga- og úrskurðarnefnd KKÍ, ekki til almennra dómstóla.

18. LYFJAEFTIRLIT

Mál vegna meintrar lyfjamisnotkunar íþróttamanna skal farið með samkvæmt gildandi lögum og reglum ÍSÍ um lyfjaeftirlit.

19. NIÐURFELLING REFSINGAR

Körfuknattleiksþing er heimilt með minnst 2/3 greiddra atkvæða að fella niður refsingu eða veita úrskurðuðum aðila full réttindi að nýju innan körfuknattleikshreyfingarinnar. Þetta gildir ekki varðandi refsingar vegna lyfjamisnotkunnar.

20. GILDISTAKA

Reglugerð þessi er sett með stoð í 15. grein laga KKÍ og öðlast þegar gildi samkvæmt sömu grein.

21. ÖNNUR ÁKVÆÐI

Aga- og úrskurðarnefnd KKÍ setur sér nánari starfsreglur sem samþykktar skulu af stjórn KKÍ.

22. GILDISTAKA

Reglugerð þessi er sett með stoð í 15. grein laga KKÍ og öðlast þegar gildi samkvæmt sömu grein. Við gildistöku hennar falla úr gildi starfsreglur aganefndar KKÍ og lög um dómstóla KKÍ.

Stjórn KKÍ

Vísað til Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt



Reglugerð KKÍ um félagaskipti

1. Gildissvið og hlutgengi

1. gr. Gildissvið

Reglugerð þessi gildir um öll félagaskipti innan Körfuknattleikssambands Íslands (KKÍ).

2. gr. Hlutgengi

Hlutgengur til þátttöku í mótum á vegum KKÍ er hver sá leikmaður sem félagsbundinn er í félagi innan KKÍ, og uppfyllir að öðru leyti hlutgengisreglur Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) á hverjum tíma.

2. Félagaskipti

3. gr. Félagaskipti íslenskra leikmanna og leikmanna með evrópskt ríkisfang

Um félagaskipti íslenskra leikmanna og leikmanna með evrópskt ríkisfang eða með ríkisfang lands innan FIBA Europe gildir þessi reglugerð.

Um félagaskipti leikmanna með evrópskt ríkisfang eða með ríkisfang lands innan FIBA Europe úr félagi utan Íslands en innan FIBA gilda reglur FIBA.

4. gr. Félagaskipti leikmanna með ríkisfang utan Evrópu

Heimila skal tveimur leikmönnum með ríkisfang utan Evrópu að leika með hverju félagsliði í hverjum leik, að undangengnu samþykki KKÍ. Félagi er þó heimit að vera sammingsbundið fleiri en tveimur leikmönnum á sama tíma.

Félög sem óska eftir heimild fyrir leikmann með ríkisfang utan Evrópu eða með ríkisfang lands utan FIBA Europe skulu senda umsókn þar að lútandi til skrifstofu KKÍ ásamt. Félög skulu einnig óska eftir því, sé þess þörf, að skrifstofa KKÍ sækir um leikheimild (e. Letter Of Clearance/LOC) fyrir viðkomandi leikmann frá því landi sem hann lék í síðast, greiðslu til FIBA og KKÍ, svo og önnur þau gögn sem kann að vera krafist til að leikmaður fái leikheimild þar á meðal staðfestingu á að leikmaður sé tryggður hér á landi, og að félag sé skuldlaust við KKÍ.

Leikmanni með ríkisfang utan Evrópu eða með ríkisfang lands utan FIBA Europe er einungis heimilt að ganga í annað íslenskt félagslið ef fram hefur komið skriflegt samþykki þess félags sem hann hyggst ganga úr. Aftur á móti ef sýnt er fram á að samningur við slíkan leikmann sé ekki lengur í gildi getur KKÍ samþykkt félagaskipti án samþykkis.

Leikmaður með ríkisfang utan Evrópu eða með ríkisfang lands utan FIBA Europe skal leika á sama ríkisfangi innan sömu leiktíðar á Íslandi.

5. gr. Undanþága vegna Evrópukeppni

Stjórn KKÍ er heimilt að veita undanþágur frá reglum um leikmenn með ríkisfang utan Evrópu eða með ríkisfang lands utan FIBA Europe þegar félagslið tekur þátt í Evrópukeppni.

3. Tímabil og gildistaka félagaskipta

6 3. gr. Tímabil félagaskipta

Vísað til Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt



Félagaskipti í meistaraflokki karla og kvenna ásamt unglingsflokki karla og kvenna eru heimil frá og með 1. júní til og með 15. nóvember en óheimil frá og með 16. nóvember til og með 31. desember. Þau eru svo heimil frá og með 1. janúar til og með 31. janúar en óheimil frá 1. febrúar til og með 31. maí.

Félagaskipti eru frjáls í öllum öðrum flokkum KKÍ, nema frá og með 1. febrúar til og með 31. maí ár hvert en á þeim tíma eru öll félagaskipti óheimil.

~~7. gr. Gildistaka félagaskipta~~

~~Ef leikmaður uppfyllir hlutgengisreglur og beiðni hans uppfyllir formreglur reglugerðar þessarar, verður leikmaður löglegur með hinu nýja félagi um leið og KKÍ hefur samþykkt slíka beiðni.~~

4. Framkvæmd

8 4. gr. Framkvæmd félagaskipta

Beiðni um félagaskipti skal gerð á eyðublaði sem er útgefið af KKÍ. Í beiðni Á félagaskiptablaði skal koma fram nafn, kennitala, heimilisfang og félög þau er aðild eiga að félagaskiptunum. Eyðublaðið skal undirritað af viðkomandi leikmanni og lögmætum fulltrúa þess félags, sem gengið er úr.

Fyrir félagaskipti skal leikmaður/félag greiða KKÍ ákveðið gjald, sem ákveðið er á Körfuknattleiksþingi annað hvert ár, að fenginni tillögu frá stjórn KKÍ.

KKÍ er ekki heimilt að veita leikmanni sem er 20 ára og eða eldri félagaskipti eða leikheimild nema félagið sem leikmaðurinn hyggst ganga í sé skuldlaust við KKÍ. Miðað skal við mánuðinn áður en ósk um leikheimild kemur fram og skal gjaldið vera óendurkræft.

Beiðni um félagaskipti sendist til skrifstofu KKÍ og heimilt er að senda félagaskipti með pósti, tölvupósti eða símbréfi.

Í öllum tilfellum félagaskipta leikmanna með íslenskt vegabréf eða erlent skal félagaskiptagögnum og greiðslum fyrir félagaskipti skilað inn fyrir kl. 16:00 á virkum dögum til skrifstofu KKÍ með frumriti, afriti sendu á tölvupósti eða símbréfi. Berist gögn síðar en það skulu þau næst vera tekin til skoðunar kl. 09:00 næsta virka dag. Þetta á líka við um greiðslur félaga í þeim tilfellum þar sem leikmaður er eldri en 20 ára og félag þarf að gera upp stöðu sína hjá KKÍ til að fá leikheimild fyrir viðkomandi leikmann.

Við lok félagaskiptaglugga hverju sinni skal heimila skilum á félagaskiptagögnum og greiðslum á félagaskiptagjöldum leikmanna innan þess dags áður en félagaskiptaglugginn lokar á miðnætti. Félög skulu einnig vera búinn að gera upp við KKÍ í þeim tilfellum þar sem leikmenn eru eldri en 20 ára.

Við lok félagskiptaglugga og vegna félagaskipta erlendara leikmanna mega berast eftir lokun gluggans gögn um staðfestingu frá UTL og LOC. Þó skal senda beiðni á skrifstofu KKÍ um LOC fyrir lok gluggans.

Vísað til Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt



Ef skilyrðin eru ekki uppfyllt innan framangreinds frests verður leikmaður ekki löglegur með hinu nýja félagi fyrir en félagaskiptatímabil opnast að nýju. Skal KKÍ tilkynna leikmanni/félagi eins fljótt og kostur er hvort leikmaður sé löglegur með hinu nýja liði eða ekki.

Félög sem óska eftir heimild fyrir leikmann með ríkisfang utan Evrópu Íslands eða með ríkisfang lands utan FIBA Europe skulu senda umsókn þar að lútandi til skrifstofu KKÍ ásamt. Félag skulu einnig óska eftir því, sé þess þörf, að skrifstofa KKÍ sækji um leikheimild (e. Letter Of Clearance/LOC) fyrir viðkomandi leikmann frá því landi sem hann lék í síðast, greiðslu til FIBA og KKÍ, svo og önnur þau gögn sem kann að vera krafist til að leikmaður fái leikheimild þar á meðal staðfestingu á að leikmaður sé tryggður hér á landi, og að félag sé skuldlaust við KKÍ.

Erlendum leikmanni Leikmanni með ríkisfang utan Evrópu eða með ríkisfang lands utan FIBA Europe er einungis heimilt að ganga í annað íslenskt félagslið ef fram hefur komið skriflegt samþykki þess félags sem hann hyggst ganga úr. Aftur á móti ef sýnt er fram á að samningur við slíkan leikmann sé ekki lengur í gildi getur KKÍ samþykkt félagaskipti án samþykkis.

Erlendur leikmaður Leikmaður með ríkisfang utan Evrópu eða með ríkisfang lands utan FIBA Europe skal leika á sama ríkisfangi innan sömu leiktíðar á Íslandi.

5. gr. Undanþága vegna Evrópukeppni

Stjórn KKÍ er heimilt að veita undanþágur frá reglum um leikmenn með ríkisfang utan Evrópu eða með ríkisfang lands utan FIBA Europe þegar félagslið tekur þátt í Evrópukeppni.

6. gr. Gildistaka félagaskipta

Ef leikmaður uppfyllir hlutgengisreglur og beiðni hans uppfyllir formreglur reglugerðar þessarar, verður leikmaður löglegur með hinu nýja félagi um leið og KKÍ hefur samþykkt slíka beiðni.

Erlendir leikmenn fá ekki leikheimild fyrir en KKÍ hefur borist:

- Staðfesting um dvalar- og atvinnuleyfi frá Útlendingastofnun og Vinnumálastofnun
- Vottorð um tryggingu á Íslandi
- Útfyllt skráningarblað fyrir til FIBA Europe
- Afrita af vegabréfi leikmanns
- og að Letter of Clearance sé komið til KKÍ eða búið sé að skila inn „Self-Declaration“ eyðublaði útfylltu fyrir leikmenn sem koma beint frá USA og hafa ekki leikið í Evrópu áður.

Erlendir leikmenn sem skráðir eru í lið hérlendis hafa ekki leikheimild innan tímabilsins hafi ekki verið sótt um leikheimild skv. reglum FIBA Europe á því tímabili sem við á. Leikheimildir gefnar út af FIBA Europe gilda aðeins fyrir hvert leiktímabil og þarf að sækja um nýja leikheimild hjá KKÍ á hverju ári. Hægt er að sækja um leikheimildir fyrir erlenda leikmenn eins og 3. gr. þessarar reglugerðar segir til um (Tímabil félagaskipta).

Vísað til Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt



Ef beiðni um félagaskipti uppfyllir efnis- og formreglur reglugerðar þessarar, og þarfnast ekki meðferðar aga- og úrskurðanefndar, skulu félagaskipti/veiting leikheimildar vera samþykkt.

Ef beiðni um félagaskipti er synjað á grundvelli þessara reglugerðar skal hún endursend viðkomandi aðila sem fyrst frá móttöku ásamt stuttum rökstuðningi fyrir synjun. Ef einungis er um formgalla á beiðni að ræða skal gefa viðkomandi ~~vikufrest~~ tveggja (2) sólarhringa frest til að bæta úr þeim göllum.

Ef úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar er þörf skulu félagaskipti miðast við úrskurðardag nefndarinnar.

9 7. gr. Heimild KKÍ til afturköllunar

Stjórn KKÍ getur afturkallað félagaskipti einstakra leikmanna ef:

- a) Sannast að gögn sem lögð voru fram með umsókn voru röng eða fölsuð.
- b) Leikmenn með ríkisfang utan Evrópu eða með ríkisfang lands utan FIBA Europe gerast sekir um gróft eða endurtekið ofbeldi í leik eða sýna ítrekað óþrúðmannalega framkomu við dómara eða starfsmenn leiks.

Þegar KKÍ hefur í huga að afturkalla félagaskipti á framangreindum grundvelli skal félagi/og eða leikmanni gefinn kostur á andmælum áður en ákvörðun er tekin. Afturköllun skal rökstudd og er kæránleg til aga- og úrskurðarnefndar.

~~6. Úrlausn aga- og úrskurðarnefndar~~

10 8. gr. Úrlausn um ágreining

Öllum ágreiningi um félagaskipti samkvæmt reglugerð þessari má skjóta til aga og úrskurðarnefndar, að uppfylltum kæruskilyrðum. Tilkynna skal aðilum um slíkt og metur aga- og úrskurðarnefnd hvort nauðsynlegt er að fá sjónarmið þeirra.

Ekki er nauðsynlegt að rökstyðja úrlausn nema aðilar sérstaklega óski eftir því eða nefndin telji slíkt æskilegt. Ekki er heimilt að áfrýja slíkri niðurstöðu til áfrýjunardómstóls.

11 9. gr. Sérstakar ástæður

Aga- og úrskurðarnefnd er heimilt að samþykkja félagaskipti einstaklinga yngri en 18 ára hvenær sem er ef sérstakar ástæður/aðstæður eru fyrir hendi.

Ekki er nauðsynlegt að rökstyðja úrlausn og jafnframt er ekki heimilt að áfrýja slíkri niðurstöðu til áfrýjunardómstóls.



Þingskjal nr. 9

Reglugerð um körfuknattleiksmót

18. grein

- Í úrvalsdeild karla skulu alltaf vera a.m.k. 3 íslenskir ríkisborgarar á leikvelli og aldrei fleiri en 2 erlendir leikmenn. Ef lið á ekki 3 leikhæfa íslenska ríkisborgara eftir á skýrslu en fleiri en 2 erlenda skulu samt sem áður aldrei vera fleiri en 2 erlendir ríkisborgarar á leikvelli. Heimila skal tveimur leikmönnum með ríkisfang utan Evrópu eða með ríkisfang lands utan FIBA Europe að vera skráðir á leikskýrslu og leika með hverju félagsliði í hverjum leik, að undangengnu samþykki KKI. Félagi er þó heimilt að vera samningsbundið fleiri en tveimur erlendum leikmönnum á sama tíma.
- Í úrvalsdeild kvenna skulu alltaf vera a.m.k. 4 íslenskir ríkisborgarar inn á leikvelli og aldrei fleiri en 1 erlendir leikmaður. Ef lið á ekki 4 leikhæfa íslenska ríkisborgara eftir á skýrslu en fleiri en 1 erlendan skal samt sem áður aldrei vera fleiri en 1 erlendir ríkisborgari á leikvelli. Heimila skal einum leikmanni með ríkisfang utan Evrópu eða með ríkisfang lands utan FIBA Europe að vera skráð á leikskýrslu og leika með hverju félagsliði í hverjum leik, að undangengnu samþykki KKI. Félagi er þó heimilt að vera samningsbundið fleiri en einum erlendum leikmanni á sama tíma.
- Í 1. deild karla skulu alltaf vera a.m.k. 4 íslenskir ríkisborgarar á leikvelli og aldrei fleiri en 1 erlendir leikmaður. Ef lið á ekki 4 leikhæfa íslenska ríkisborgara eftir á skýrslu en fleiri en 1 erlendan skal samt sem áður aldrei vera fleiri en 1 erlendir ríkisborgari á leikvelli.
- Í bikarkeppni karla, fyrirtækjabikar karla og meistarakeppni karla gilda sömu reglur og um úrvalsdeild karla.
- Í bikarkeppni kvenna, fyrirtækjabikar kvenna og meistarakeppni kvenna gilda sömu reglur og um úrvalsdeild kvenna.
- Erlendir ríkisborgari sem hefur samkvæmt Þjóðskrá haft lögheimili á Íslandi samfelld í 3 ár telst ekki sem erlendir leikmaður í reglugerð þessari og skal hann framvísa nauðsynlegum gögnum til skrifstofu KKI. KKI staðfestir að hann teljist með íslenskum ríkisborgurum í þessari reglugerð. Sá sem hefur leiktíðina sem erlendir leikmaður telst sem slíkur út leiktíðina.
- Fyrir brot á þessari reglugerð skal refsa með tæknivillu (C) á þjálfara þess liðs sem brotið fremur. Vinnulag við eftirlit á þessu skal vera þannig háttáð að á leikmannalistum sem lið afhenda ritara skal koma fram hverjir teljast erlendir leikmenn og skal ritari skrifa (E) framan við nafn þeirra. Ef upp kemstu um brot á þessu er framgangsmáti eftirfarandi.
 - Áður en knöttur fer í leik þegar leikur er settur af stað – leikmanni skipt út af aftur og dæmd tæknivilla á þjálfara (C).
 - Eftir að knöttur hefur aftur farið í leik og andstæðingur hins ólöglega skipaða liðs hefur vald á honum. – Stöðva skal leik án tafar nema að andstæðingar verði fyrir óhagræði. Umframfjöldi erlendra leikmanna skipt út af og dæmd tæknivilla á þjálfara (C).
 - Eftir að knöttur hefur aftur farið í leik og hið ólöglega skipaða lið hefur vald á honum. – Leikur stöðvaður án tafar. Umframfjöldi erlendra leikmanna skipt út af og dæmd tæknivilla á þjálfara (C).

Vísað til Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt



- Eftir að knöttur hefur aftur farið úr leik eftir að lið varð ólöglega skipað. - Umframfjölda erlendra leikmanna skipt útaf og dæmd tæknivilla á þjálfara (C).

Stjórn KKÍ



Þingskjal nr. 10

Reglugerð um körfuknattleiksmót

28. grein Íslandsmót yngri flokka

Keppnin skal fara fram á tímabilinu september til og með maí. Hverjum aldursflokki skal skipta í riðla sem hér segir. Í minnibolta, 7. flokki og 8. flokki skulu aldrei vera fleiri en sex (6) lið í riðli og ekki færri en þrjú (3). Í 9. flokki, 10. flokki, 11. flokki og stúlknaflokki skal stefnt að því að aldrei séu fleiri en fimm (5) lið í riðli og ekki færri en þrjú (3). Riðlarnir skulu nefndir A-riðill, B-riðill, C-riðill o.s.frv. eins og þarf.

Lokaröð félaga í viðkomandi árgangi tímabilið á undan skal ákveða í hvaða riðli lið hefur leik að hausti nema í yngsta aldursflokki þar sem miðað skal við sama flokk tímabilið á undan. Mótanefnd hefur heimild til að gera breytingar á þessu fyrirkomulagi ef lið hætta keppni á miðju keppnistímabili.

Í riðlunum skal stefnt að því að leikið sé á laugardegi og sunnudegi og ef með þarf á föstudegi.

Mótanefnd er heimilt að ákveða að Íslandsmót yngri flokka fari fram í tveimur deildum. Keppni í 2. deild má vera landshlutaskipt. Ef aðeins er keppt í einum riðli í Íslandsmóti 2. deildar skal leika fjórar umferðir og ákvarðast sigurvegari af samanlögðum árangri allra fjögurra umferðanna. Ef keppt er í tveimur (2) eða fleiri riðlum skal leika þrjár umferðir og úrslitaumferð sem sker úr um sigurvegara.

Ef ekki er annað tekið fram gilda almennar reglur FIBA hverju sinni.

Skipta má hverri umferð Íslandsmóts yngri flokka niður á þrjár helgar. Stefnt skal að því að eftirfarandi flokkar leiki saman á helgi. 8. flokkur karla, 8. flokkur kvenna, 11. flokkur karla og stúlknaflokkur. Minnibolti karla 11 ára, 7. flokkur kvenna, 9. flokkur karla og 10. flokkur kvenna. Minnibolti kvenna 11 ára, 7. flokkur karla, 9. flokkur kvenna og 10. flokkur.

Ef lið taka þátt í Íslandsmóti sem ekki tók þátt í því árið áður skal það hefja keppni í lakasta riðlinum eða í neðstu deild.

Leikið skal í öllum riðlum fjórum sinnum á keppnistímabili eina helgi í senn og leika allir við alla innan sama riðils. Bestu liðin hefja leik í A-riðli og þau lökustu í síðasta riðlinum. Að lokinni hverri umferð skulu lið flytjast á milli riðla sem hér segir. Neðsta lið í A-riðli færast í B-riðil. Efsta lið í B-riðli færast í A-riðil. Neðsta lið B-riðils færast í C-riðil og efsta lið C-riðils færast í B-riðil í næstu umferð o.s.frv. Ef 6 lið ljúka keppni í 4. umferð 8. flokks skal eftirfarandi flutningur milli riðla ráða frá 8. flokki upp í 9. flokk. Í A-riðli halda fjögur efstu liðin sínu sæti og efsta lið B-riðils færast upp. , sami flutningur milli riðla skal gilda um flutning milli B og C, C og D o.s.frv. Ávallt skal eitt lið færast upp og eitt eða fleiri lið fara niður um riðil.

[...]

Stjórn KKÍ



Þingskjal nr. 11

Reglugerð um sameiginlegt lið

1. Heimilt er tveimur félögum að senda sameiginlegt lið til keppni í landsmótum. Félag getur ekki tekið þátt í landsmótum með eigið lið á sama tíma og það á aðild að liði með öðru félagi í sama aldursflokki.
2. Félag sem ákveða að senda sameiginlegt lið til keppni skv. þessari grein, skulu gera um það skriflegt samkomulag og senda stjórn KKÍ til staðfestingar fyrir ~~10. september~~ 1. júní, til þess að það geti öðlast gildi á komandi keppnistímabili. Í slíku samkomulagi skal koma fram m.a. hver beri fjárhagslega ábyrgð á samstarfinu, framkvæmd samstarfsins og stöðu félaga við slit.
3. Ákveði tvö félög að senda sameiginlegt lið til þátttöku í landsmótum skal sameiginlega liðið halda sæti þess félags, sem rétt á til að leika í hæsta riðli eða deild næsta keppnistímabil.
4. Ákveði félag, sem á aðild að sameiginlegu liði að senda eigið lið til þátttöku í landsmótum viðkomandi aldursflokks skal líta svo á, að sameiginlega liðið hafi hætt þátttöku. Félög, sem eiga aðild að sameiginlegu liði sem hættir keppni þurfa að hefja keppni að nýju í lágsta riðli eða deild í viðkomandi aldursflokki. Félögin geta þó sótt um til stjórnar KKÍ að halda sæti sameiginlega liðsins.
5. Sameiginlega liðið er ekki nýtt félag heldur samkomulag tveggja félagsliða um nýtt keppnislið í fyrirfram ákveðnum aldursflokkum. Leikmennirnir eru skráðir í sín félög og geta keppt í öðrum aldursflokkum síns félags.

Stjórn KKÍ



Þingskjal nr. 12

Reglugerð um körfuknattleiksmót

23. grein B-LIÐ KARLA

Mótanefnd KKÍ skal standa fyrir sérstakri keppni B-liða karla, verði þátttaka næg. Aðeins félög sem tefla fram A-liði í Íslandsmóti geta skráð B-lið til leiks. Mótanefnd KKÍ ákveður keppnisfyrirkomulag hverju sinni með tilliti til fjölda félaga sem taka þátt. Fáist ekki næg þátttaka er mótanefnd heimilt að gefa B-liðum leyfi til að leika í neðstu deild karla og leika þau þar sem gestalið.

Þeim sjö leikmönnum sem leikið hafa flestar mínútur að meðaltali fyrir A lið hverju sinni er ekki heimil þátttaka með B-liði. Sjö mínútuhestu leikmennirnir að meðaltali þurfa að vera núverandi leikmenn félagsins. Ekki skal telja þá leikmenn með sem sannarlega hafa skipt um félag eða eru farnir frá félagi sem hluta af þessum sjö mínútuhestu leikmönnum. Séu tveir eða fleiri leikmenn með jafn margar mínútur í 7. sæti í mfl. karla A-liða, er ekki heimilt að nota einn þeirra með B-liði (og C-liði osfrv).

Mótanefnd skal skipuleggja sérstaka úrslitakeppni B-liða. Það lið sem sigrar í úrslitakeppni B-liða verður Íslandsmeistari B-liða.

25. grein 1. deild kvenna

Í 1. deild kvenna skulu þau lið leika sem ekki leika í Úrvalsdeild. Mótanefnd KKÍ skal ákveða keppnisfyrirkomulag hverju sinni með tilliti til fjölda þáttökuliða og þá í samráði við þau.

Mótanefnd er heimilt að veita B-liðum þáttökurétt í 1. deild kvenna. Aðeins félög sem tefla fram A-liði í Íslandsmóti geta skráð B-lið til leiks. Þau geta ekki færst upp um deild en geta borið sigur úr bytum í deildinni.

Það félag sem sigrar í 1. deild kvenna hlýtur sæmdarheitið "Deildarmeistari". Að lokinni deildarkeppni í 1. deild kvenna skulu tvö efstu A-liðin mætast í úrslitum. Það lið sem fyrr vinnur tvo leiki hlýtur sæti í efstu deild.

Í úrslitakeppni skiptast liðin á að leika á heimavelli og skal ávallt byrjað á heimavelli þess liðs sem varð ofar í deildarkeppninni.

~~25.~~ 26. grein B-LIÐ KVENNA

Mótanefnd KKÍ skal standa fyrir sérstakri keppni B-liða kvenna, verði þátttaka næg. Aðeins félög sem tefla fram A-liði í Íslandsmóti geta skráð B-lið til leiks. Mótanefnd KKÍ ákveður keppnisfyrirkomulag hverju sinni með tilliti til fjölda félaga sem taka þátt. Fáist ekki næg þátttaka er mótanefnd heimilt að gefa B-liðum leyfi til að leika í neðstu deild kvenna og leika þau þar sem gestalið.

Þeim sjö leikmönnum sem leikið hafa flestar mínútur að meðaltali fyrir A lið hverju sinni er ekki heimil þátttaka með B-liði. Sjö mínútuhestu leikmennirnir að meðaltali þurfa að vera núverandi leikmenn félagsins. Ekki skal telja þá leikmenn með sem sannarlega hafa skipt um félag eða eru farnir frá félagi sem hluta af þessum sjö mínútuhestu leikmönnum.

Séu tveir eða fleiri leikmenn með jafn margar mínútur í 7. sæti í mfl. karla A-liða, er ekki heimilt að nota einn þeirra með B-liði (og C-liði osfrv).

Vísað til Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar
 Samþykkt óbreytt **Samþykkt með breytingum** **Fellt**



Mótanefnd skal skipuleggja sérstaka úrslitakeppni B-liða. Það lið sem sigrar í úrslitakeppni B-liða verður Íslandsmeistari B-liða.

25. grein B-LIÐ KVENNA verður 26. grein, 26. grein verður 27. grein, 27. grein verður 28. grein og koll af kolli.

Stjórn KKÍ



Þingskjal nr. 13

Reglugerð um körfuknattleiksmót

37. grein MINNIBOLTI KARLA 11 ÁRA

Aldur: 11 ára eða 6. bekkur grunnskólans

Leiktími: 4 x 10 mínútur og leikklukka ekki stöðvuð, hálfleikur skal vera 5 mínútur og hlé milli 1. og 2. leikhluta sem og milli 3. og 4. leikhluta skal vera 1 mínúta. Í minnibolta karla gilda leikreglur FIBA í minnibolta að viðbættum eftirfarandi sérákvæðum:

1. Ef lið notar 10 leikmenn í minnibolta karla 11 ára í fyrri hálfleik fær það bónusstig. Þannig fær lið 3 stig fyrir sigur og 1 stig fyrir tap. Í hverjum leik verður að nota 10 leikmenn, annars er hann tapaður. Mótanefnd KKÍ er heimilt að veita félagi fyrirfram undanþágu frá lágmarksfjölda leikmanna ef vandkvæði eru við að manna lið vegna fæðar iðkenda. Skal það gert samkvæmt rökstuddri umsókn félags sem skila skal inn til KKÍ með 8 daga fyrirvara. Undanþága ekki veitt í A-riðli.

[...]

47. grein MINNIBOLTI KVENNA 11 ÁRA

Aldur: 11 ára eða 6. bekkur grunnskólans

Leiktími: 4 x 10 mínútur og leikklukka ekki stöðvuð, hálfleikur skal vera 5 mínútur og hlé milli 1. og 2. leikhluta sem og milli 3. og 4. leikhluta skal vera 1 mínúta. Í minnibolta karla gilda leikreglur FIBA í minnibolta að viðbættum eftirfarandi sérákvæðum:

1. Ef lið notar 10 leikmenn í minnibolta karla 11 ára í fyrri hálfleik fær það bónusstig. Þannig fær lið 3 stig fyrir sigur og 1 stig fyrir tap. Í hverjum leik verður að nota 10 leikmenn, annars er hann tapaður. Mótanefnd KKÍ er heimilt að veita félagi fyrirfram undanþágu frá lágmarksfjölda leikmanna ef vandkvæði eru við að manna lið vegna fæðar iðkenda. Skal það gert samkvæmt rökstuddri umsókn félags sem skila skal inn til KKÍ með 8 daga fyrirvara. Undanþága ekki veitt í A-riðli.

[...]

Stjórn KKÍ



Þingskjal nr. 14

Þingsályktunartillaga

Körfuknattleiksþing 15.-16. mars 2013 beinir því til stjórnar KKÍ að skoða möguleika á að bæta keppnisfyrirkomulagi í MB 11 ára, 7. og 8. flokk. Stjórnin skal skipa nefnd á fyrsta fundi eftir körfuknattleiksþing sem tekur málefnið til umfjöllunar og kemur með tillögu til stjórnar.

Sé það niðurstaða nefndarinnar og stjórnar KKÍ að breyta núverandi fyrirkomulagi skal stjórn KKÍ gera þær breytingar á reglugerðum og tilkynna aðildarfélögum sem allra fyrst.

Stjórn KKÍ



Þingskjal nr. 15

Reglugerð um körfuknattleiksmót

17. grein

Aldur leikmanna miðast við áramót, þannig að verði leikmaður 21 árs eftir áramót, er honum heimilt að leika með unglingsflokki út tímabilið, en flutningur milli flokka skal fara fram í september ár hvert.

Körfuknattleiksmönnum er skipt í flokka sem hér segir:

a) Konur:

Meistaraflokkur 20 ára og eldri

Unglingsflokkur 16, 17, 18 og 19 ára

~~Stúlknaflokkur 16 og 17 ára~~

10. flokkur 15 ára

9. flokkur 14 ára

8. flokkur 13 ára

7. flokkur 12 ára

Minnibolti 11 ára

Minnibolti 10 ára

Minnibolta 9 ára

Míkróbolti 8 ára og yngri

b) Karlar:

Meistaraflokkur 21 árs og eldri

Unglingsflokkur 18, 19 og 20 ára

Drengjaflokkur 16 og 17 ~~og 18~~ ára

~~11. flokkur 16 ára~~

10. flokkur 15 ára

9. flokkur 14 ára

8. flokkur 13 ára

7. flokkur 12 ára

Minnibolti 11 ára

Minnibolti 10 ára

Minnibolti 9 ára

Míkróbolti 8 ára og yngri

[...]

28. grein ÍSLANDSMÓT YNGRI FLOKKA.

Keppnin skal fara fram á tímabilinu september til og með maí. Hverjum aldursflokki skal skipta í riðla sem hér segir. Í minnibolta, 7. flokki og 8. flokki skulu aldrei vera fleiri en sex (6) lið í riðli og ekki færri en þrjú (3). Í 9. flokki, og 10. flokki, ~~11. flokki og stúlknaflokki~~ skal stefnt að því að aldrei séu fleiri en fimm (5) lið í riðli og ekki færri en þrjú (3). Riðlarnir skulu nefndir A-riðill, B-riðill, C-riðill o.s.frv. eins og þarf. Lokaröð félaga í viðkomandi árgangi tímabilið á undan skal ákveða í hvaða riðli lið hefur leik að hausti nema í yngsta aldursflokki þar sem miðað skal við sama flokk tímabilið á undan. Mótanefnd hefur heimild til að gera breytingar á þessu fyrirkomulagi ef lið hætta keppni á miðju keppnistímabili.

Í riðlunum skal stefnt að því að leikið sé á laugardegi og sunnudegi og ef með þarf á föstudegi.

Vísað til Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar
 Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt



Mótanefnd er heimilt að ákveða að Íslandsmót yngri flokka fari fram í tveimur deildum. Keppni í 2. deild má vera landshlutaskipt. Ef aðeins er keppt í einum riðli í Íslandsmóti 2. deildar skal leika fjórar umferðir og ákvarðast sigurvegari af samanlögðum árangri allra fjögurra umferðanna. Ef keppt er í tveimur (2) eða fleiri riðlum skal leika þrjár umferðir og úrslitaumferð sem sker úr um sigurvegara.

Ef ekki er annað tekið fram gilda almennar reglur FIBA hverju sinni.

Skipta má hverri umferð Íslandsmóts yngri flokka niður á þrjár helgar. Stefnt skal að því að eftirfarandi flokkar leiki saman á helgi. 8. flokkur karla, 8. flokkur kvenna, ~~11. flokkur karla og stúlkna~~ flokkur. Minnibolti karla 11 ára, 7. flokkur kvenna, 9. flokkur karla og 10. flokkur kvenna. Minnibolti kvenna 11 ára, 7. flokkur karla, 9. flokkur kvenna og 10. flokkur karla.

[...]

30. grein UNGLINGAFLOKKUR KARLA

Aldur: 18, 19 og 20 ára.

Leiktími: 4 x 10 mínútur og hálfleikur skal vera 5 mínútur. Að öðru leyti skal leikið eftir leikreglum FIBA hverju sinni.

[...]

31. grein DRENGJAFLOKKUR

Aldur: 16 og 17 ~~og 18~~ ára.

Leiktími: 4 x 10 mínútur, hálfleikur skal vera 5 mínútur. Að öðru leyti skal leikið eftir leikreglum FIBA hverju sinni.

[...]

~~32. grein 11. FLOKKUR KARLA~~

Aldur: 16 ára.

Leiktími: 4 X 8 mínútur nema í úrslitum eftir fjórðu umferð Íslandsmóts og bikarkeppni skal leiktíminn vera 4 X 10 mínútur, 1 mínúta milli leikhluta og 5 mínútna leikhlé í hálfleik. Leyfð eru tvö leikhlé í hvorum hálfleik. Þegar leikið er 4 X 10 mínútur eru leyfð 3 leikhlé í síðari hálfleik.

Eftir fjórðu umferð í A-riðli skal leikin úrslitakeppni þar sem lið nr. 1 leikur einn leik gegn liði nr. 4 í A-riðli. Lið 2 leikur einn leik gegn liði 3 í A-riðli. Sigurvegararnir leika einn leik til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Ekki skal haldin úrslitakeppni ef aðeins er leikið í einum riðli.

[...]

41. grein UNGLINGAFLOKKUR KVENNA

Aldur: 16, 17, 18 og 19 ára

Leiktími: 4 x 10 mínútur og hálfleikur skal vera 5 mínútur. Að öðru leyti skal leikið eftir leikreglum FIBA hverju sinni.



[...]

42. grein STÚLKNAFLOKKUR

Aldur: 16 og 17 ára

Leiktími: 4 x 8 mínútur nema í úrslitum eftir fjórðu umferð Íslandsmóts og bikarkeppni skal leiktíminn vera 4 x 10 mínútur, hálfleikur skal vera 5 mínútur og hlé milli 1. og 2. leikhluta sem og milli 3. og 4. leikhluta skal vera 1 mínúta. Að öðru leyti skal leikið eftir leikreglum FIBA hverju sinni. Þegar leikið er 4 X 10 mínútur eru leyfð 3 leikhlé í síðari hálfleik.

Eftir fjórðu umferð í A-riðli skal leikin úrslitakeppni þar sem lið nr. 1 leikur einn leik gegn liði nr. 4 í A-riðli. Lið 2 leikur einn leik gegn liði 3 í A-riðli. Sigurvegararnir leika einn leik til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Ekki skal haldin úrslitakeppni ef aðeins er leikið í einum riðli. Þá verður það lið Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í 4. umferð A-riðils.

[...]

48. grein BIKARKEPPNI KKÍ

Grein þessi fjallar um bikarkeppni KKÍ, sem haldin er í eftirtöldum flokkum:

- a) Meistaraflokki karla og kvenna
- b) Unglingaflokki karla og kvenna
- c) Drengjaflokki og stúlknaflökki
- d) 11. flokki karla
- d) e) 10. flokki karla og kvenna
- e) f) 9. flokki karla og kvenna

Vegna þessara breytinga verður færast allar greinar eftir grein 30. einu númeri frammar og allar greinar eftir grein 42. tveimur númerum frammar.

Stjórn KKÍ